

Þingboð

48. landsþings
JCI Íslands 2009

Sveinbjarnargerði 25. – 27. september.



Skýrslur landsstjórnar og embættismanna

Landsþingsboð

Landsstjórn boðar hér með til 48. landsþings JCI Íslands samkvæmt 6. grein laga.

Þingið verður haldið á Sveinbjarnargerði, dagana 25. - 27. september 2009.

Gestgjafafélag er: JCI Esja og JCI Keilir

Fyrir hönd landsstjórnar JCI Íslands

Tómas Hafliðason
Landsritari 2009

Efnisyfirlit

Dagskrá 48. landsþings 2009.....	Bls. 4
Dagskrá þingfunda 48. landsþings JCI Íslands.....	Bls. 5
Skýrslur landsstjórnar og embættismanna.....	Bls. 6
Skýrsla landsforseta Loftur Már Sigurðsson.....	Bls. 6
Skýrsla lögsögumanns JCI Íslands Rúnar Örn Rafnsson	Bls. 7
Skýrsla formanns verðlaunadómstóls Birgit Raschhofer	Bls. 7
Skýrsla formanns Framfarasjóðs Ragnar F. Valsson	Bls. 8
Skýrsla formanns TOYP nefndar Anna María Bjarnadóttir	Bls. 8
Skýrsla verkefnisstjóra Betri Frétta Ingólfur Pétursson	Bls. 9
Skýrsla landsritara Tómas Hafliðason	Bls. 10
Skýrsla landsgjaldkera Sigurður Sigurðsson	Bls. 11
Skýrsla varalandsforseta Kristín Guðmundsdóttir	Bls. 12
Skýrsla varalandsforseta Helgi Guðmundsson	Bls. 13
Skýrsla Evrópuþingsstjóra Hrólfur Sigurðsson	Bls. 14
Skýrsla viðtakandi landsforseta Árni Árnason	Bls. 14
Lagabreytingar	Bls. 16
Lög JCI Íslands	Bls. 19
Fundargerð 1. framkvæmdastjórnarfundar JCI Íslands	Bls. 25
Fundargerð 47. landsþings JCI Íslands	Bls. 27

Dagskrá 48. landsþings 2009

Föstudagurinn 25. september

- Kl. 07:00 – 17:00 Skráning
- Kl. 08:00 – 12:00 Fyrsti þingfundur
- Kl. 12:00 – 13:00 Hátíðarhádegisverður, setning þingsins
- Kl. 13:00 – 14:00 Frambjóðendakynning
- Kl. 14:15 – 16:30 Annar þingfundur
- Kl. 16:30 – 18:00 Úrslit í Rökræðukeppni JCI Íslands
- Kl. 18:00 – 19:00 Framhald af þingfundi ef þörf er fyrir
- Kl. 20:00 – 02:00 Allir upp í rútu! Kvöldverður og Skemmtikvöld með söngleikjapema. *
- Kl. 23:59 Hæfileikakeppnin

* ATH vinsamlegast lesið betur um föstudagskvöldið hér neðar! Mikilvægt!

Laugardagurinn 26. september

- Kl. 08:00 – 10:00 Morgunverður
- Kl. 08:00 – 10:00 Ef þörf fyrir – Þriðji þingfundur
- Kl. 10:00 – 12:00 Námskeið
- Kl. 12:00 – 13:00 Hádegisverður
- Kl. 13:00 – 17:00 Námskeið
- Kl. 13:00 – 17:00 Senatora- og makadagskrá
- Kl. 19:00 – 20:00 Afhending verðlauna.
- Kl. 20:00 – 03:00 Lokahóf, hátíðarkvöldverður
- Kl. 03:00 - ?? Náttfatapartý

Sunnudagurinn 27. September

- Kl. 08:00 – 10:00 Morgunverður
- Kl. 10:00 – 12:00 Námskeið
- Kl. 12:00 – 13:00 Hádegisverður

* Varðandi föstudagskvöldið.

Skemmtikvöldið verður með öðru sniði en undanfarin ár.

Að sjálfsögðu er haldið í þemaskemmtunina, hvert félag kemur í sínum búning. Allt annað á að koma á óvart svo við segjum lítið annað en: farið verður af hótelinu á stað þar sem veðurfar hefur áhrif á líkamshita :) Því viljum við biðja ykkur um að vera ekki í of klæðalitlum búningum og passa ykkur á að vera með hlýt fót meðferðis.

Dagskrá þingfunda 48. landsþings JCI Íslands

1. Þingfundur

1. Ávarp landsforseta, þingsetning.
2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir.
3. Staðfest skipan tveggja þingforseta, tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara.
4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings.
5. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna.
6. Áfangaskýrslur aðildarfélaga, umræður.
7. Lagabreytingar.

2. Þingfundur

8. Kosning landsforseta.
9. Kosning varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.
10. Kosning viðtakandi landsforseta.

3. Þingfundur

11. Ákvörðun um félagsgjald til Junior Chamber International Íslands.
12. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar.
13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
14. Kosning í stjórn Framfarasjóðs.
15. Stefnumótun/langtímaáætlun.
16. Ákvörðun um næsta þing.
17. Önnur mál.
18. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi).
19. Staðfesting á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi).
20. Þingslit (fer fram á lokahófi).

Skýrslur landsstjórnar og embættismanna

Skýrsla landsforseta

Loftur Már Sigurðsson

Áið 2009 er búið að vera í alla staði mjög viðburðaríkt ár. Mikil gróska er í þjóðfélaginu og áhugahópar um allt milli himins og jarðar spretta upp út um allt. Fjárhagsstaða hreyfingarinnar hefur sett mikinn svip á starfið en hún er þannig að það sem gert er má ekki kosta pening eða að viðburðir verða að standa undir sér sjálfir. Mikill tími hefur farið í það hjá mér að vinna með Landsgjaldkera að því að bæta fjárhag hreyfingarinnar.

Stjórnarfundir á árinu eru búnir að vera átta. Á stjórnarfundum hefur landsstjórn farið yfir öll málefni JCI Íslands og er það okkar mat að vel hafi tekist á flest öllum sviðum. Í upphafi árs var sú ákvörðun tekin að vera ekki með umsjónarmenn aðildarfélaga, heldur í staðin funda reglulega með forsetum þar sem farið er yfir þau mál sem landsstjórn er að sýsla við og svo þau mál sem liggja fyrir hjá aðildarfélögum. Með þessu teljum við að tryggja megi betur upplýsingaflæði milli aðildarfélaga og Landsstjórnar og svo aðildarfélaga á milli. Haldnir hafa verið þrjú fundir og gengu þeir vel. Þetta fyrirkomulag er enn í þróun og með tímanum tel ég að þetta verði slípað til og verði að almennum starfsháttum.

Það er hægt að segja að allt starf hafi gengið vel og mikið hefur verið um að vera hjá aðildarfélögum. Í upphafi árs var Landsstjórn með mikil plön um starfsemi en í febrúar var ákveðið að skera þau mikið niður þar sem dagskrá aðildarfélaganna var það mikil að við töldum ekki á hana bætandi. Í staðin einbeittum við okkur að fáum viðburðum og reyndum hvað við gátum að gera þá eins vel og frekast var unnt. Þeir viðburðir sem Landsstjórn hefur staðið fyrir á árinu eru margir og munu landsstjórnarmenn og embættismenn fjalla um þá í sínum skýrslum og tel ég ekki ástæða til að endurtaka þá í minni skýrslu. En viðburðirnir eru eftirfarandi.

- Janúar. Fyrsti FS fundur
- Febrúar. Ný heimasíða JCI Ísland tekin í notkun.
- Febrúar. Fundur með VP Anthony Noronha.
- Mars. Þjálfunarsamtök JCI Íslands.
- Mars. Kynningarfundur JCI.
- Maí. Hátíðarfundur JCI með Aðildarfélögum
- Júní. Verkefnahópurinn „ Verkefnasumarið 2009“ tók formlega til starfa.
- Júlí. Opið hús fyrir gesti og gangandi.
- Ágúst. Fréttablað JCI kom út.
- Ágúst. Menningarnótt.
- Ágúst. Heimasíðan Betri fréttir opnuð formlega.

Í sumar byrjun kom í ljós vilji hjá nokkrum félögum á að vera með starf í sumar. Um var að ræða frekar fámennan hóp úr öllum félögum, en það fáir úr hverju félagi að það væri hægt að halda úti starfinu þar. Til að mæta þessari þörf ákvað Landsstjórn að setja á laggirnar verkefni sem gekk undir nafninu Verkefnasumarið 2009. Verkefnið hófst um miðjan júní og hittist hópurinn á þriðjudagskvöldum í allt sumar eða 12 sinnum. Mætingin var mjög misjöfn, allt frá því að aðeins fjórir mættu upp í að yfir 20 mættu. Helsta afurð þessarar vinnu var svo heimasíðan betrifréttir.is sem sett var í loftið með formlegum hætti á menningarnótt.

Erlent samstarf hefur verið mikill hluti af mínu starfi sem Landsforseti. Í febrúar fór ég á Evrópuforseta fund JCI þar sem allir Landsforsetar í Evrópu komu saman. Þar var kynnt stefna JCI og farið yfir þau markmið sem við höfðum fyrir árið 2009. Evrópuping var í Búddapest og var þar farið yfir sem búið er og við svo brýnd áfram fyrir seinni helminginn. Í júlí fór ég svo til Genfar á fund JCI sem haldinn er ár hvert í húsakinnum Sameinuðuð þjóðanna. Þessi fundur fjallaði um

loftslagsbreytingar og var í alla staði mjög vel heppnaður. Mikil tengsl eru á milli Landshreyfinga á norðurlöndunum og hefur Norðurlanda Grúbban hist tvisvar á þessu ári. Seinna á þessu ári mun ég svo fara á Landsþing JCI Noregs og svo á Heimsping í Túnis.

Töluvert hefur verið um að erlendir JCI félagar hafi samband og óski eftir að fá að hitta Íslenska JCI féлага. Þetta fer yfirleitt þannig fram að JCI félögum á Íslandi er sendur póstur og þeir sem geta komið kíkja með í bæinn. Borða, drekka bjór og ræða sameiginlegt áhugamál við JCI gesti okkar frá öðrum löndum. Þessar heimsóknir eru ávalt mjög skemmtilegar og gefa þær mér mjög mikið sem JCI féлага.

Ég sem Landsforseti hef fengið nokkrar fyrirspurnir um túlkun á aldursmörkum JCI. Í lögum okkar segir að félagar verði að vera á aldrinum 18 – 40 ára. Menn hafa ekki alveg verið sammála um hvaða skilning beri að leggja í þessi orð. Orðin 40 ára hafa menn skilgreint á tvenna vegu, annars vegar að félagar séu félagar til ársins 40 og um leið og því sé náð séu þeir ekki félagar. Hins vegar er sá skilningur að menn séu 40 ára þangað til þeir verði 41 árs.

Landsstjórn hittist mánudaginn 24. september og varð sammála um að leggja þann skilning í þessar setningar að félagar séu félagar út árið sem þeir eru 40 ára. Enda sé það eðlilegur skilningur samkvæmt orðanna hljóðan að menn séu félagar á aldrinum 18 – 40 ára. Þó að landsstjórn hafi komist að þessari niðurstöðu tel ég mjög mikilvægt að umræða skapist um þetta á landsþingi þó svo að ekki sé nauðsynlegt að gera lagabreytingu.

Þegar Landsfundi lýkur eru fjórðungur eftir af árinu. Það er von mín og Landsstjórnar að þessir þrír mánuðir eigi eftir að verða viðburðarríkir og allir JCI félagar eigi eftir að finna sér eitthvað við hæfi.

Skýrsla lögsögumanns JCI Íslands

Rúnar Örn Rafnsson

Undirritaður starfaði sem lögsögumaður á fyrri hluta ársins, en sagði af mér embætti þann 11. júní síðastliðinn með bréfi til landsforseta. Ekki komu upp nein mál sem vísa þurfti til lögsögumanns þann tíma sem undirritaður gegndi embættinu. Lögsögumaður JCI Íslands 01.01.09 – 11.06.09.

Skýrsla formanns verðlaunadómstóls

Birgit Raschhofer

Starf formanns verðlaunadómstóls hefur verið rólegt framan af ári. Nú er hins vegar landsþingið okkar að nálgast og allt að fara á fullt skrið varðandi verðlaunaumsóknir. Búið er að hafa samband við þó nokkra eldri

féлага og senatora til að taka þátt í verðlaunadómstól og flestir tekið vel í það. Forsetum hefur einnig verið sendar upplýsingar um umsóknarferlið á heimasíðunni okkar www.jci.cc en þar þurfa þeir sem skrá inn verðlaun að vera skráðir hjá JCI til að geta opnað verðlaunasíðurnar. Nú er svo bara að bíða eftir að aðildarfélögin setji allar verðlaunaumsóknir inn til að dómarrar geti byrjað sitt starf og svo fær landsforseti einn upplýsingar um verðlaunahafa ársins sem verða svo tilkynntir á landsþinginu okkar í Sveinbjarnargerði í september.

Skýrsla formanns Framfarasjóðs Ragnar F. Valsson

Eins og öllum ætti að vera kunnugt þá hefur staða framfarasjóðs versnað umtalsvert frá síðasta landsþingi. Ég ætla ekki að eyða orðum um ástæður þess. Þær efnahagsþrengingar sem þjóðin hefur gengið í gegnum á árinu eru öllum kunnar.

Samkvæmt lögum þá er sjóðurinn vísitölubundinn og sú ávöxtun sem er umfram höfuðstól ætluð til úthlutunnar. Í dag er höfuðstóllinn undir þeim mörkum. Kemur það bæði til vegna þeirra affalla sem urðu á eignum sjóðsins og einni út af því verðbólguþykningu sem nú ríður yfir.

Sjóðurinn var í ávöxtun í skuldabréfasjóðum hjá Kaupþingi og ég var það trú og vísátt allra að þar væri um örugga ávöxtun að ræða og ekki nokkurs að sjá þau afföll sem urðu af þeim. Í dag er sjóðurinn að mestu á verðtryggðum reikningi hjá Kaupþing banka eru mánaðarlega lagt inn á hann eftir því sem greiðist á skuldabréfasjóðinn.

Varðandi framtíðarávöxtun sjóðsins hefur undirritaður hugmyndir um það hvernig þeim málum sé best varið og verður það rætt á fundum eftir landsþing og verða kynnt á fyrsta framkvæmdastjórnarfundum ársins 2010. Ástæða þess að sú umræða mun fara fram eftir landsþing er sú að ég vil fá fleiri í þá umræðu og mun sitjandi sjóðsstjórn auk þeirra sem verða kjörnir í sjóðsstjórn á komandi landsþingi vinna saman að framtíð sjóðsins og gangi hugmyndir verður sjóðurinn á ný opinn fyrir umsóknir á næsta ári.

Skýrsla formanns TOYP nefndar Anna María Bjarnadóttir

Frá því í apríl hef ég gengt starfi formanns TOYP á Íslandi - The Outstanding Young Persons of the World, verkefnið er löngu orðið kunnugt öllum JCI félögum enda verið haldið árlega síðan 2002. Arna Björk Gunnarsdóttir hefur verið okkar helsta stoð og styttu, enda með mikla reynslu af TOYP verkefninu.

Aðrir nefndarmenn eru:

Íris Kristín Andrésdóttir, JCI Reykjavík
Harald Gunnar Halldórsson, JCI Reykjavík
Ingólfur Pétursson, JCI Reykjavík

Þegar umsóknarferlið var komið í gang bættust við síðan við:

Guðlaug Björnsdóttir, JCI Esja
Tryggvi Elínarson, JCI Esja

Margir komu til greina sem framúrskarandi ungir Íslendingar en eftir miklar umræður stóðu fjórir einstaklingar eftir og voru sendar út umsóknir fyrir þá. Einn þeirra dró síðla sumars þátttöku sína til baka.

Útnefnt var á sviðum: Einstaklingssigra, menningar og á sviði frumkvöðla.

Þess ber að geta að nefndarmenn lögðu mikið á sig til að afla upplýsinga sem og að gera þessar umsóknir sem best úr garði og kann ég þeim mínar bestur þakkir fyrir, eins veitti Arna Björk okkur ómetanlega aðstoð við umsóknargerðina.

Nefndin fundaði saman 4 sinnum en var þess fyrir utan í miklum síma- og tölvupóstsamskiptum.

Í byrjun júlí vorum við upplýst af heimstjórn að einn af þessum 4 einstaklingum hefði komist í 30 manna úrslitin og hafa undanfarnar vikur einkennst að mikilli spennu, nú hefur komið í ljós að sá

hinn sami er kominn eins langt og hann kemst eða í 10 manna hópinn sem verður þess heiðurs aðnjótandi að fá titilinn: „The outstanding young people of the world“ á heimsþingi JCI sem fer fram í Túnis í nóvember nk.

Við erum að vonum ákaflega stolt af þessum einstaka árangri okkar manns.

JCI á Íslandi mun halda verðlaunaafhendingu sennilega 3ju vikuna í október (nánar auglýst síðar) þar sem tilkynnt verður með pomp og prakt hvaða þrjá einstaklinga JCI Ísland hefur útnefnt sem framúrskarandi unga Íslendinga á árinu. Forseti Íslands er verndari verkefnisins og mun veita þeim viðurkenningu.

Markmið þessarar nefndar er að skila af sér góðu vinnuþlaggi sem auðvelt verður að fylgja í framtíðinni sem auka veg og virðingu TOYP verkefnisins sem og JCI.

Skýrsla verkefnisstjóra Betri Frétta

Ingólfur Pétursson

Um miðjan júní hófst undurbúningur að vefsíðu sem síðar fékk nafnið Betri fréttir. Þetta var eitt af þremur verkefnum sem JCI Ísland lagði upp með fyrir sumarið ásamt Bed Net og Menningarnótt. Fljótlega myndaðist sterkur kjarni sem hafði áhuga og metnað að sjá verkefnið verða að veruleika. Eins og oft gerist þegar ólíkar persónur með fjölbreyttar skoðanir myndaðist mikill suðupottur af hugmyndum sem við létum sjóða á í heilan mánuð við mismunandi hitastig. Þrátt fyrir það sauð aldrei upp úr! Margar góðar hugmyndir hafa orðið að veruleika en enn fleiri hafa þurft að bíða þess að sjá dagsins ljós.

Markmið vefsíðunnar er að segja frá eða vísa til fréttar á Íslandi sem eru jákvæðar. Hugsanlega er þar komin skýringin fyrir miklum áhuga á verkefninu þar sem mikill skortur hefur verið á slíkum fréttum frá því að kreppan reið yfir landið á haustmánuðum síðasta árs og varir enn.

Mikilvægur þáttur á vefsíðunni og sem við viljum virkja enn frekar er sá að almenningi gefst kostur á einfaldan hátt að koma jákvæðum fréttum, atburðum og góðum hugmyndum á framfæri í gegnum vefsíðuna, með þessu vilja Betri fréttir auka fjölbreytni jákvæðra fréttar. Frá fyrsta degi fór okkur að berast ábendingar sem hafa verið birt.

Þetta verkefni var unnið í góðu samstarfi við JCI Finnland sem veitti okkur aðgang að samræmdu vefsíðuformi sem þeir nota fyrir sína eigin vefsíðu. Finnsla vefsíðan er sambærileg og sú íslenska nema þeir flytja eingöngu jákvæðar fréttir frá finnsku atvinnulífi á meðan við horfum til allra góðra fréttar á Íslandi. Vil ég nota tækifærið og þakka Matti Airaksinen fyrir allan stuðninginn, en hann er frumkvöðull verkefnisins í Finnlandi.

Markmiðið JCI Finnlands er að gera þetta að alheimsverkefni innan JCI hreyfingarinnar. Það er góðar fréttir að Ísland er fyrsta landið sem tekur verkefni upp á eftir Finnlandi. Danmörk, Eistland og Noregur hafa lýst yfir að þau muni fylgja í kjölfarið, þau voru reyndar vonsvikin að Ísland hafi verið á undan þeim.

Þegar þetta er skrifað hefur verkefnið fengið nokkra athygli þrátt fyrir að vera ekki nema tíu daga gamalt. Fyrst ber að nefna viðtal í morgunþætti á Bylgjunni, undirtektir í Fésbók hafa verið framar vonum þar sem Betri fréttir er með tengslasíðu og okkur hefur borist nokkrir póstar frá Íslendingum erlendis og hérlendis sem lýsa yfir mikilli ánægju með framtakið. Ennfremur hefur verkefnið notið töluverðrar athygli innan JCI Finnlands.

Betri fréttir eru góðar fréttir fyrir JCI Ísland.

Skýrsla landsritara

Tómas Hafliðason

Heimasíðan: www.jci.is

Undirritaður var umsjónarmaður heimasíðu JCI, www.jci.is. Síðan var komin nokkuð til ára sinna auk þess sem kostnaður af hýsingunni var verulegur. Því var ákveðið strax í upphafi ársins að búa til nýja heimasíðu og færa hana í hýsingu á ódýrari stað.

Markmiðið í upphafi var að öll vinnan gæti farið fram af JCI félögum miðað við þau markmið sem komu út úr vinnu vinnuhóps um framtíðarþarfir vefsvæðis JCI. Í upphafi voru því prófuð all nokkur kerfi með það að sjónarmiði að uppfylla þær þarfir sem settar voru fram.

Fyrir valinu varð svo kerfi sem heitir Wordpress en kerfið opin hugbúnaður og með reglulegar uppfærslur. Þannig er framtíðar umsjón kerfisins tryggð fyrir komandi kynslóðir JCI félaga. Öll umsjón kerfisins er í höndum JCI félaga og þannig tryggt að þau gögn sem eru geymd inn á heimasvæðinu tapist ekki, ólíkt því sem var með gamla kerfið þar sem ekki var hægt að sækja gögnin beint frá umsjónaraðila kerfisins.

Önnur áhersla var að hafa kerfið opnara, en mjög auðvelt er að búa til aðgengi fyrir jci félaga sem og forseta til að setja inn efni og fréttir á heimasíðuna.

Heimsóknir inn á síðuna hafa verið mjög breytilegar en meðal þess sem var gætt að við hönnun síðunnar er að hún fái hærra vægi leitarvéla og hefur það verið raunin að gestum í gengum leitarvélar hefur fjölgað. Yfir sumarmánuðina drógust hins vegar heimsóknir saman. Meðalfjöldin heimsókna á dag var um 200 fyrir vorið en dattu niður í 150 í júní, júlí og ágúst.

Póstlisti félagsins

Póstlistinn JCI Íslands hefur verið í höndum ritara JCI á hvers árs og hefur gengið frá ritara til ritara. Því miður hefur þetta þýtt að oft hafa ekki öll netföng skilað sér á milli ára. Í vefkerfinu var sett upp umsjónarkerfi með póstlista félagsins og á forsiðu heimasíðunnar geta aðilar skráð sig inn á póstlistann. Nokkuð hefur verið um að aðilar hafi skráð sig inn á póstlistann en um 50 manns hafa bæst við listann síðan kerfið var tekið í notkun. Jafnframt hefur verið búinn til listi sem inniheldur eingöngu JCI félaga. Mjög auðvelt er fyrir framtíðar ritara að vinna með kerfið, hvort sem þarf að breyta útliti póstanna eða sýsla með þá sem eru skráðir á póstlistana. Kerfið heldur jafnframt utan um alla pósta sem hafa verið sendir út og þá aðila sem hafa mótekið póstinn. Eftir að nýja kerfið var tekið í notkun hefur 12 sinum verið sendur út póstur á alla á póstlistanum eða aðra hverja viku. Fyrir notkun listans voru 6 póstar sendir á eldri póstlista.

Tengslanetasíður

Meira en 90% landsmanna á JCI aldri eru á tengslanetasíðum eins og Facebook og Twitter. Mikil áhersla var lögð á að efla sýnileika JCI Íslands á þessum síðum en það er ein besta og ódýrasta leiðin til að ná til fólks á þessum aldurshópi. Í dag eru yfir þúsund Íslendingar sem fylgjast með straum félagsins á Twitter og yfir 500 Íslendingar á facebook. Síðurnar hafa verið uppfærðar reglulega með þeim viðburðum sem hafa verið í gangi, fréttum og öðru sem talið hefur verið að vekja athygli á félaginu.

Auk þess að voru tengslanetasíður sérstaklega hafðar í huga við gerð heimasíðunnar, þar sem aðilar eru hvattir til að deila efni á tengslanetasíðum og tengjast við JCI í gegnum tengslanetasíður. Meðal annars er á neðst á forsiðunni sérstakur borði með upplýsingum um tengslanetasíður jci, á hlið síðunnar eru hlekkir inn á twitter og facebook og undir hverri síður er valmöguleiki að deila efni síðunnar inn á tengslanetasíður.

Útgáfustarfsemi

Fyrir utan heimasíðuna hafa JCI fréttir verið gefnar út einu sinni. Blaðið var gefið út í 200 eintökum auk þess að vera dreift í gegnum heimasíðuna en þaðan hefur það verið sótt um 50 sinnum frá útgáfu.

Betri fréttir

Það kom í hlut landsritara sem umsjónarmanns netmála að vera tengiliður og umsjónarmaður tæknilegra hluta varðandi betri fréttir. Töluverð vinna fór í að setja upp og sýsla með tæknilega hluta þessa verkefnis þar sem skrá þurfti lénið hjá íslenskum hýsingaraðila en finnsku samstarfsaðilar síðunnar gátu ekki gert það. Einnig var tölvupósti síðunnar komið fyrir í hýsingu hjá g-mail og er hægt að mæla með því við framtíðar félagana að íhuga að sambærilegum lausnum á tölvupósthýsingu fyrir hreyfinguna.

Lokaorð

Árið hefur verið afar ánægjulegt, en landsritari hefur átt afar ánægjulegt samstarf við alla JCI félagana á árinu. Mikil vinna fór í breytingar í kringum heimasíðunna en sú vinna var mun umfangs meiri en hægt var að sjá fyrir. Það er von undirritaðs að sú vinna sem var lögð í þær breytingar sé vinna sem komi til með að nýtast samtökunum í mörg ár, þar sem lagt var upp með að allar breytingar eða aðlaganir væru mjög einfaldar. Auðvitað er svo margt sem hefði mátt fara betur og ekki er hægt að segja annað en að árið hafi verið mjög lærdómsríkt. Ég þakka innilega fyrir mig og hvet alla aðra til að grípa tækifærið þegar það gefst, læra af reynslunni og þroskast sem einstaklingar.

Skýrsla landsgjaldkera

Sigurður Sigurðsson

Störf mín sem gjaldkeri JCI Íslands hafa að stóru leiti markast af ástandinu í Íslandi í dag. Strax í upphafi árs var það ljóst að rekstur þessa árs yrði erfiður. Stórar útistandandi skuldir frá fyrri árum varð fljótlega að forgangsatríði þar sem þær voru flestar í evrum og ljóst þótti að krónan mundi veikjast enn frekar. Fljótlega náðist að borga upp gömlu skuldarnar en naumlega þó. Þeir sjóðir sem við höfum til umráða voru nærri tæmdir en þegar litið er til baka var það rétt ákvörðun í tilliti til þróunar krónunnar gagnvart evrunni. Það er mín skoðun að JCI Íslands hefur að mestu komist úr þeim fjárhags vandræðum sem félagið stóð fyrir í upphafi árs og tel ég að stöðuleiki sé kominn á reikninga félagsins.

Eins og gefur að skilja þá hefur ekki gengið vel að leita styrkja í samfélaginu en fyrirtæki hafa haldið að sér höndunum undanfarið ár. Eini utanaðkomandi styrkurinn sem við höfum fengið eru 25 þúsund krónur frá Reykjavíkurborg vegna verkefnisins á menningarnótt. Að undanförunu hef ég þó tekið eftir jákvæðari tón í fulltrúum fyrirtækja og stofnanna og er það trú mín að árið 2010 verði mun betra ár til að afla styrkja í fyrirtækjum og stofnunum.

Mitt stærsta verkefni, fyrir utan að sjá um fjármál hreyfingarinnar, var að leiða nefnd sem skipulagði sameiginlegan hátíðarfund aðildarfélaganna og landsstjórnar. Gestir voru sammála um að hátíðarfundurinn hafi heppnast vel. Takmarkið var að hafa fundinn sem glæsilegastan en á viðráðanlegu verði fyrir hin almenna félagana. Að mínu mati tókst það og vil ég þakka því fólki sem lagði hönd á plóginn til að gera þennan viðburð sem eftirminnilegastan.

Ein af mínum skildum í ár hefur verið að vera umsjónarmaður Hellusunds. Í byrjun árs var húsið þrifið í fyrsta skipti á langa tíma og vil ég koma þökkum til þeirra sjálfboðaliða sem áttu þátt í því. Talsvert líf hefur verið í húsinu þetta árið og er það gleðiefni að félagar nýta sér þá aðstöðu sem húsið hefur upp á að bjóða. Umgengni í húsinu hefur að mestu verið til fyrirmyndar en samt sem áður hefur eitthvað borið á því að fólk gangi ekki eftir sig eftir viðburði og er það miður. Ef allir anga frá eftir sig, og þá er ekki nóg að leggja leirtau í vaskinn og vona að það vaski sig sjálft upp, munum öllum líða betur.

Skýrsla varalandsforseta

Kristín Guðmundsdóttir

Skýrsla varalandsforseta

Undirrituð var tengiliður landsstjórnar og landsþingsnefndar sem hóf störf í byrjun árs, Akureyri varð fyrir valinu og hefur landsstjórn staðið sig vel í þeirri vinnu svo og skósveinar nefndarinnar, og stóðs ég ekki mátið að koma með nokkrar hugmyndir sem eflaust hafa ekki þurft með svo hugmyndafrítt fólk í nefndinni.

Landsstjórnin stóð fyrir einum kynningarfundum í vetur þar sem 3 voru áhugasamir og ákváðu að kynna sér félagið.

Hátíðafundurinn var sameiginlegur alla félagana það var gert til að auka þátttöku allra, höfðu ég og fleiri samband við eldri félagar og senatora allir voru mjög jákvæðir og áhugasamir, nokkrir eldri félagar og forseti senatsins létu sjá sig, var fundurinn hin besta skemmtun með góðum mat.

Verkefni

Sumarferðin fór öðru vísi en ætlað var hugmynd kom upp að leigja sumarhúsi, en vegna mikils kostnaðar var hætt við þá hugmynd og var ákveðið að fara til Þingvalla en vegna ónógar þátttöku var sumarferðin aflýst og bauð landsstjórnin upp á kaffi, þar sem 15 manns mættu í.

Betri fréttir heimsíðan leit dagsins ljós í verkefnavinnu sumarsins eitt 3 verkefna sem tekið var fyrir, heimsíðan kemur frá Finnum, en þeir hafa þetta sem jákvæða fjármála fréttir, ég bauð mig fram í ritstjórn ásamt Lilju nýjum liðsmanni, Ingólfi og Kjartani, og ákváðum við að finna allar jákvæðar fréttir alls staðar af landinu. Opnun síðunnar strandaði á Finnunum og seinkaði því aðeins en með mikilli vinnu Ingólfs tókst honum að koma síðunni í loftið, vinna við síðunna er engan vegin lokið því margar hugmyndir komu fram og mun hún verða bætt smá saman. Ætlum við okkur að setja inn nýja fréttir á degi hverjum og kynna síðuna fyrir fjölmiðlum, nú hafa Danir, Norðmenn og Eistlendingar ákveðið að taka þetta verkefni líka.

Menningarnótt gekk í alla staði vel þar sem Ragnar kynnti sögu hússins, fólk frá Aisec og kennari frá Salsa Iceland kenndu fólki að dansa, sem dró fólk að sem kynnti sér JCI, aðstoðaði ég menningarnæturnefnd eins og ég gat.

Bed net er verkefni sem hófst hlaupi sem Guðlaug stóð fyrir í fyrra, og er þetta verkefni komið til að vera og mun verða unnið í því á þessu og næsta ári, sé ég fyrir mér marga möguleika í hinum ýmsu verkefnum sem söfnun fyrir netunum, og sem kynningu á JCI í leiðinni.

Ted er verkefni sem Hugmyndaáðuneytið lagði af stað með verkefni sem kallast TED, en TED eru röð fyrirlestra á hinum ýmsu málefnum, þetta verkefni hefur verið tekið víða um lönd, ég og Ingólfur kynntum okkur þetta verkefni að tilstuðlan Bryan, ég bauð mig fram í kynninganefnd en sú vinna er rétt á byrjunarstigi sé ég möguleika fyrir leiðbeinendur JCI í þessu verkefni.

Lokaorð:

Árið er engan vegin búið en ég hef reynt að vera sýnileg í JCI starfinu í vetur og farið á félagsfundum og tekið námskeið sem félögin hafa staðið fyrir og hafa þau gert það með sóma.

Fleiri hugmyndir um verkefni munu eflaust líta dagsins ljós og fleiri munu skjóta upp kollinum, og strákarnir verða bara að vera þolinmóðir eins og þeir hafa verið í vetur.

Skýrsla varalandsforseta

Helgi Guðmundsson

Helstu verkefni sem voru undir minni umsjón það sem af er liðið starfsári 2009 eru eftirfarandi.

Þjálfunarsamtök JCI Íslands

Um er að ræða regnhlíf yfir námskeiðs og leiðbeinendastörf að erlendri fyrirmynd innan JCI hreyfingarinnar, en mörg lönd í Evrópu og víðar hafa sett á fót “National Training Institute”. Aðalmarkmið þessa framtaks var að samræma betur störf leiðbeinenda hreyfingarinnar, stuðla að virkri símenntun leiðbeinenda ásamt því að fjölga jafnt og þétt í okkar röðum.

Framkvæmdin fór fram með þeim hætti að í febrúar voru leiðbeinendur boðaðir á fund í JCI húsi og lögð upp drög að starfi sem allir gætu sæst á og verið þátttakendur í. Niðurstaðan var að leiðbeinendur myndu hittast tvisvar í mánuði – annan laugardag hvers mánaðar í hádegisbrunch þar sem yrði fluttur fróðleiksmoli og almenn hugmyndaskipti færu fram. Jafnframt myndi síðasta fimmtudag hvers mánaðar fara fram símenntunarnámskeið í leiðbeinendafræðum. Í Mars og apríl voru haldin brunch og námskeið og í maí var haldinn brunch. Ekki reyndist kleift að halda í maí námskeið. Þessir fundir voru settir í bið yfir sumarið en verður fram haldið nú í haust þar sem almenn ánægja hefur mælst fyrir um þetta fyrirkomulag.

Ræðukeppnir:

Mælskukeppni einstaklinga fór fram í aðdraganda Evrópuþings venju samkvæmt og í ár var jafnframt tekin upp sú nýbreytni að halda Mælskuveislu. Markmið með mælskuveislu er að bjóða uppá léttari viðburð á sviði mælsku þar sem allir eru velkomnir, nýliðar jafnt sem eldri sigurvegarar. Þrír mættu til leiks í mælskuveisluna og einn í framhaldi til Mælskukeppni og var því sjálfkjörinn sem keppandi í Mælsku á Evrópuþingi.

Rökræðukeppnin fór fram að venju og voru 4 lið skráð til keppni, 1 frá JCI Reykjavík, 1 frá JCI GK og 2 frá JCI Esju. Fóru leikar á þann veg að stigahæst eftir 3 umferðir eru JCI Reykjavík og JCI GK og mætast því í úrslitum á landsþingi.

Þátttakendur á alþjóðlegum námskeiðum: Einn þátttakandi var á Japan Academy í ár.

Niðurstöður og lokaorð.

Lykilskef hafa verið tekin á þessu starfsári í að koma á bættri samvinnu meðal leiðbeinenda, aukinni símenntun og endurnýjun í röðum leiðbeinenda. Endanlegur afrakstur á enn eftir að sjást en þetta eru nauðsynleg skref og mikilvægt að halda áfram að taka þessi skref og hlúa að nýju fólki.

Áhyggjuefni er hinsvegar umgjörð kringum ræðukeppnir hreyfingarinnar. Það hefur verið mat undirritaðs undanfarin ár að umfang ræðukeppna hefur verið afar mikið miðað við þann fjölda virkra félaga sem starfandi er í hreyfingunni. Lýsir það sér einna helst í skorti á framkvæmd keppna eins og ræðuveislu, mælskukeppni liða og rökræðueinvígis. Engar nýjungar hafa komið fram á sviði ræðumennsku hreyfingarinnar.

Eina keppnin sem virkilega heldur velli er Rökræðukeppnin, í því formi að hún er haldin ár hvert. Þetta er hinsvegar keppnisform sem hefur orðið erfiðara að halda utanum með hverju árinu undanfarin 4-5 ár, á þann veg að mönnun liða er mjög mistæk og oftar en ekki er verið að tefla fram byrjendum og jafnvel byrjendum sem aldrei hafa séð keppnina áður. Þar sem tilgangur með Rökræðukeppninni var að bjóða uppá keppnisform fyrir vana keppendur þá er þarna kominn fram alvarlegur misbrestur. Þó hefur tekist með örfáum undantekningum að manna keppnir þannig að það hefur gengið.

Verra er hinsvegar að nú í 2 ár í röð hefur forsenda keppinnar verið sú að eitt aðildarfélag hefur

lagt til 2 lið, og það gerir mönnun embættismanna eins og dómara að þungum hausverk. Engir sjálfboðaliðar eru að bjóða sig fram til dómara starfa og án undantekninga er það stærsta verkefnið fyrir hverja umferð að elta uppi kandi data sem geta dæmt.

Ég vil því nota þetta tækifæri og hvetja félagsmenn og embættismenn hreyfingarinnar að ræða það óttalaust og fúmlaust hvaða tilgangi ræðukeppnir eiga að þjóna í starfi íslensku JCI hreyfingarinnar á komandi árum, hvernig má byggja upp sterkari undirstöður og frumkvæði þegar kemur að mönnun liða og embættismanna og því sem skiptir mestu máli – hvaða skref við getum tekið til að byggja upp sterkari grasrótarstarf þegar kemur að ræðumennsku. Svo tekið sé hliðstætt dæmi úr íþróttum, þá má fullyrða að við í JCI á Íslandi í dag erum að halda uppi keppni í meistaraflokki án þess að rækta upp neina undirflokk. Haldi slíkt áfram er það áhyggjuefni mitt að fyrir en síðar muni áhugahvöt fyrir ræðukeppnum alfarið deyja og að við munum missa þennan skemmtilega þátt í okkar starfi í varanlegan dvala.

Skýrsla evrópuþingsstjóra Hrólfur Sigurðsson

Evrópuþing JCI var haldið þetta árið í Búdapest höfuðborg Ungverjalands. Alls fóru fimm félagar á þingið. Þingið var mjög fjölmennt en rúmlega 2500 manns tóku þátt í þinginu. JCI Ísland var með einn keppenda í ræðukeppni einstaklinga en það var Kjartan Hansson forseti JCI Esju og stóð hann sig mjög vel en komst ekki í þriggja manna úrslit. Arna Björk Gunnarsdóttir varaheimsforseti JCI sá um skipulagningu rökræðukeppni JCI og aðstoðuðu aðrir félagar JCI Íslands hana með framkvæmdina. Theodór Bender forseti JCI Reykjavík skrifaði undir vinafélagssamning við JCI Tampere á þinginu.

Þingið tókst mjög vel og tóku félagar JCI Íslands þátt í allflestum viðburðum þingsins og skemmtu sér mjög vel.

Skýrsla viðtakandi landsforseta Árni Árnason

Allt frá því að ég var kjörinn Viðtakandi Landsforseti hef ég starfað með það að leiðarljósi að undirbúa mig eins vel og unnt er fyrir árið 2010. Ég hef reynt eftir bestu getu að taka þátt í öllum viðburðum og því sem hefur verið í gangi á vegum JCI á árinu.

Ég fór ásamt Lofti Má Sigurðssyni Landsforseta og Örnú Björk Gunnarsdóttur Varaheimsforseta á Evrópuvorsetafund, EPM, í Estoril í Portúgal í febrúar. Í Júlí fór ég til Japan á 22. Japan Academy sem að þessu sinni var haldin í Kagoshima. Á þessari stundu er næsti viðkomustaður minn á erlendri grundu heimsping í Hammamet í Túnis 14.-22. Nóvember. Þessar ferðir út hafa reynst mér mikilvægar til undirbúnings fyrir landsforseta ár. Hver á sinn hátt, að hitta aðra viðtakandi landsforseta snemma árs á EPM er góð kveikja og áminning að árið er hafið en lykillinn að undirbúningi fyrir árið er þó JCI Japan academy, að vera heiðraður með gestrisni JCI félaga í Japan er einstök upplifun sem ég verð hreyfingunni okkar ævinlega þakklátur fyrir. Námskeiðið sjálft er alveg magnað, að vera einn af hundruð og tuttugu þátttakendum og upplifa persónuleg skilaboða frá leiðbeinandanum er mögnuð upplifun fyrir hvern og einn þátttakenda, upplifun sem er skilda hvers viðtakandi landsforseta að miðla til hvers og eins félaga.

2010 – JCI Ísland 50 ára

Á næsta ári verður hreyfingin okkar 50 ára. Svo merkur afmælisdagur er ekki einkamál okkar félaganna sem nú starfa í hreyfingunni né þeirra sem störfuðu á undan okkur. Til að gera afmælið sjálft glæsilegt hef ég leitað til sex senatora sem hafa samþykkt að starfa í undirbúningsnefnd fyrir lokahóf á næsta landspingi. Lokahófið er hugsað sem glæsilegur vettvangur fyrir núverandi og fyrrverandi JCI-félaga til að gleðjast á þessum merku tímamótum, rifja upp söguna, hitta gamla

félaga og kynnast nýjum. Ýmsar hugmyndir hafa heyrst til að gera afmælið sem glæsilegast, ekki hafa verið teknar fleiri ákvarðanir en með lokahófið en allar góðar hugmyndir er vert að skoða.

Mínar hugmyndir fyrir árið

Í upphafi árs kynnti ég hugmyndir samstarfsaðilum á sviðum tækifæranna, samstarfsaðilum sem gætu orðið eða fært okkur í framtíðinni styrktaraðila. Ekki hefur verið gengið frá neinum samningi vegna þessa en unnið er áfram að mögulegum samningum og verða þeir kynntir eftir því sem þeir verða frágengnir. JCI Mentor er ennþá á hugmyndastigi en í dag er verið að vinna að þessu verkefni meðal leiðbeinenda innan Evrópu. www.fyrirmynd.is er enn á hugmyndastigi en Betri fréttir er mjög góður grunnur fyrir samstarf og framtíð slíks verkefnis. Síðasti fyrirlesturinn er enn til skoðunar en nokkrir félagar okkar eru að klára sinn JCI-feril á þessu ári og því er næsta ár kjörið fyrir þennan vettvang.

Ný aðildarfélög - fjölgun

Starf mitt á árinu hefur miðast við að halda áfram þeirri vinnu sem unnin var á síðasta ári með félög á Selfossi, Akranesi, Akureyri, Austurland og Suðurnes. Leitaði ég að áhugasömum einstaklingum fyrst á Selfossi og var svörunin vægast sagt dræm. Nú í haust er stefnan sett norður í land og verður kynningarstarf á Akureyri fyrir og eftir landsþing.

Ávinningur okkar félaganna sem búum á höfuðborgarsvæðinu af félögum á landsbyggðinni er ekki alltaf sjáanlegur en þegar litið er til baka á ferðir útá land eða að hittast á landsþingi koma kostirnir í ljós. Gríðarlega mikilvægt er fyrir okkur að halda starfi okkar þannig að nýtt fólk vilji taka þátt og orðspor okkar fari á undan okkur, þá fækkar þeim sem spyrja, JCI, hvað er það?

Í vor fórum við Loftur Már Sigurðsson landsforseti suður með sjó og héldum kynningarfund í Virkjun uppá Keflavíkurflugvelli ásamt Andra Erni Víðissyni sem er primus-mótor JCI Suðurnes sem nú er í bígerð, tókst sá fundur með ágætum en framhald verður með haustinu á uppbyggingu þar.

Til að auðvelda okkur öllum kynningarstarfið þurfum við að haga öllum okkar kynningarmálum með þeim hætti að öll okkar verk séu kynnt útá við, hvort heldur er með greinaskrifum, jákvæðri umfjöllun á ýmsum vefmiðlum með myndum eða bloggi eða umfjöllun í fjölmiðlum og hefur okkur oft tekist ágætlega til á þeim vettvangi. Helst hefur okkur vantað undan farin ár greinaskrif og er vert fyrir okkur að huga að skerpingu í þeim flokki.

Stefnumótun

Stefnumótunarvinna hreyfingar á undanförunum árum hefur farið misjafnlega fram og hafa viðtakandi landsforsetar fengið að setja sitt fingrafar á verkið hverju sinni. Mjög misjafn árangur hefur náðst og hefur ekki verið hægt að benda á einhverja eina leið til að bæta vinnuna við stefnumótun. Ég var þess heiðurs njótandi að taka þátt í starfi stefnumótunarnefndar 2001 ásamt fleiri félögum sem hafa verið mjög virkir alla tíð síðan. Mjög margt var lagt til í þeirri stefnumótun sem hefur mótað starf hreyfingarinnar síðan, t.d. voru þar send sterk skilaboð til aðildarfélaganna að fækka í stjórnnum og til hreyfingarinnar að minnka áherslu á samfélagssvið niður í nánast ekki neitt. Ekki voru allar þessar breytingar til góðs en þegar litið er til baka stendur vinnan uppúr, þátttaka okkar 5 ungra félaga sem höfðum tækifæri til ræða allt á milli himins og jarðar í JCI-starfi. Þessi vinna og umræða styrkti okkur og sendi okkur þau sterku skilaboð að rödd ungra félaga er alltaf velkomin í JCI. Til að skila þessari einstöku tilfinningu til allra JCI félaga hef ég fengið til liðs við okkur Gunnar Jónatansson landsforseta 2000 til að halda stefnumótunarfund þann 9.

September og verður þeirri vinnu skilað til félaganna rafrænt svo hægt verður að halda áfram vinnunni á landsþingi. Stefnumótun er ekki einkamál reyndra félaga eða alltaf þeirra sömu ár eftir ár, skoðanir allra eru velkomnar við stefnumótun, hvort sem öðrum finnst þeir þær réttar eða ekki. Sjáumst fyrst 9. Sept. og höldum svo stefnumótun áfram á landsþingi. Þekkingin sem Gunnar mun færa okkur þann 9. Sept. mun ekki eingöngu nýtast í okkar starfi því við fáum um leið tækifæri til að taka þátt í stefnumótunarvinnu af bestu sort og getum nýtt þá vinnu í leik og starfi, innan sem utan JCI, einmitt einsog öll reynslan og þekkingin sem við fáum í okkar frábæru hreyfingu. Vegna þessarar tímasetningar verður ekki sérstakur liður í þessu þingboði um stefnumótun því efnið mun taka miklum breytingum fyrir landsþing. Efninu verður komið á framfæri við alla JCI-félaga á sama hátt og landsþingsboði.

Lagabreytingar

Breytingartillaga við 2. gr.

Óbreytt:

2. gr.

Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn,
að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogahæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

Breyting:

2. gr.

Starf hreyfingarinnar **byggir á tilgangi, framtíðarsýn og gildum** JCI.

Tilgangur JCI:

Að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogahæfileika sína og með því stuðla að jákvæðum breytingum.

Framtíðarsýn JCI:

Að vera leiðandi alþjóðleg hreyfing ungra virkra þegna

Gildi JCI:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn,
að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á **gildum** er háð samþykki tveggja landsþinga.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er í framhaldi af breytingum á þessum lykilsetningum hjá JCI, tilgangurinn hefur fengið andlitlyftingu og er búið að draga saman áhersluna á samfélag, hvort sem það er alþjóðlegt eða nær. Einnig er búið að fella út áherslur á það sem við höfum þekkt sem svið tækifæranna, sú breyting þarf ekki að þýða að sviðin falli út því við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um að svo róttækar breytingar fylgi með. Í þessum breytingum er einnig dregin inni tilgang og gildi, framtíðarsýn sem við höfum ekki látið fylgja með inni lögum okkar, heldur haft með stefnumótunarhlutanum.

Til að auðvelda JCI-félögum að fylgja þessum breytingum er hér fyrir neðan sami texti á ensku, tekið af <http://www.jci.cc/about/en/home.php>

Mission: To provide development opportunities that empower young people to create positive change.

Vision: To be the leading global network of young active citizens.

Values:

- Faith in God
- The brotherhood of man
- Individual freedom and dignity
- Government of laws
- Human personality
- Service to humanity

Þær breytingar sem hér koma fram eru mjög góðar fyrir skilning okkar, félaganna, til hvers okkar starf er og um leið auðveldar þetta okkur að skýra tilgang, framtíðarsýn og gildi okkar, hvort sem um ræðir virka félaga í stjórnunarhlutverkum sem og aðra félaga. Við afgreiðslu þessarar tillögu munum við óska eftir að einstakir þættir hennar verði bornir upp hver fyrir sig, okkur öllum til hagræðis.

Tillögu flytjandi:
Árni Árnason
Viðtakandi landsforseti

Stuðningsmaður
Loftur Már Sigurðsson
Landsforseti

Breytingartillaga við 26. grein

Óbreytt

26. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn. Stjórnin kys sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings. Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

Breytt:

26. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn. Stjórnin kys sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings. **Tillaga að breytingu á höfuðstól verður að berast 28 dögum fyrir landsþing og send út með þingboði.** Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

Rökstuðningur:

Þar sem vafa hefur gætt um hvernig haga skuli breytingu á höfuðstól Framfarasjóðs er mikilvægt að lög hreyfingarinnar séu hrein og klár. Tillaga þessi er í samræmi við t.d. lög um fjöleignahús en þar er skýr skilda á tillöguflytjendum að tillaga sem snertir meðferð fjármuna sem er íþyngjandi eða til verulegra breytinga sé kynnt öllum er málið varðar með réttum fyrirvara.

Tillöguflytjandi:

Árni Árnason
Viðtakandi Landsforseti

Stuðningsmaður:

Loftur Már Sigurðsson
Landsforseti

LÖG JCI ÍSLANDS

1. gr.

Nafn hreyfingarinnar er Junior Chamber International Ísland, skammstafað JCI Ísland. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Hreyfingin er aðili að Junior Chamber International (JCI).

2. gr.

Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,

að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,

að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,

að lög skuli ráða fremur en menn,

að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,

að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

AÐILD AÐ HREYFINGUNNI

3. gr.

Aðilar að hreyfingunni eru JCI félög sem hlotið hafa viðurkenningu landsstjórnar, og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Nafn félagsins hefjist á Junior Chamber International, skammstafað JCI.
2. Fjöldi félagsmanna sé við stofnun að minnsta kosti 20.
3. Félagið hefur sett sér lög sem landsstjórn staðfestir.
4. Félagið hefur valið sér forseta og stjórn
5. Landsritara hafi borist félagatal aðildarfélags.
6. Aðildarfélög skulu uppfylla skilyrði Junior Chamber International.

4. gr.

Landsstjórn getur með ákvörðun, sem hlýtur samþykki 2/3 hluta stjórnarmanna útilokað aðildarfélag, fullnægi það ekki kröfum 3. greinar laga þessara eða það teljist ekki af öðrum orsökum hæft til aðildar.

LANDSPING

5. gr.

Æðsta stjórn hreyfingarinnar er í höndum þingfundar landsþings. Fjöldi atkvæðisbærra fulltrúa á landsþingi skal vera 61 og skulu þeir skiptast þannig:

Hver landsstjórnarmaður skal hafa 1 atkvæði og hvert löglegt aðildarfélag skal hafa 1 atkvæði fyrir aðild að hreyfingunni. Önnur atkvæði skiptast hlutfallslega milli aðildarféлага í samræmi við fullgreidd félagsgjöld til JCI Íslands, sbr. 27. gr. laga þessara. Landsforseti, landsgjaldkeri og lögsögumaður reikna út atkvæðamagn aðildarféлага. Í síðasta lagi 28 dögum áður en þingfundur hefst á landsþingi skulu aðildarfélög senda til landsstjórnar félagatal og ákvarðar það fjölda

Þingfulltrúa hvers aðildarfélags á yfirstandandi starfsári. Við útreikning skulu þau aðildarfélög sem næst eru því að fá einn viðbótarfulltrúa hljóta uppbótarsæti uns heildarfulltrúafjöldi er náð. Í þeim tilvikum þar sem 2 eða fleiri aðildarfélög eiga rétt á síðustu uppbótarsætum skal þó fjölga fulltrúum og skulu bæði/öll hljóta uppbótarsæti. Tilkynningu um atkvæðamagn skal senda aðildarfélögum skriflega ásamt fundarboði landsþings skv. 6. gr. laga þessara. Fulltrúi má ekki greiða atkvæði í umboði annars fulltrúa, né heldur vera úr öðru aðildarfélagi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

JCI félagar án kjörbréfs hafa aðeins tillögurétt á þingfundum hreyfingarinnar. Umsjónarmenn landsstjórnar hafa þar málfrelsi.

6. gr.

Fundarboð landsþings sendist í einu eintaki til hvers aðildarfélags með sannanlegum hætti a.m.k. 21 degi fyrir þing, fundarboði skal fylgja áfangaskýrsla landsstjórnarmanna og umsjónarmanna. Stjórnir aðildarfélaga skulu boða fulltrúa sína á þingið í samræmi við 5. grein. Í fundarboði sem samið er af landsstjórn skal tilkynna dagskrá sem liggur fyrir þinginu. Aukaping eru haldin þegar landsstjórn álitur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur fullgildra aðildarfélaga krefst þess. Fundarboð aukapings er samið og sent á sama hátt og venjulegt landsþingsboð.

7. gr.

Landsþing skal haldið síðustu heilu helgina í september ár hvert. Boð til landsþings skal berast landsforseta og vera í fullu samræmi við sérstaka reglugerð um þingboð. Landsstjórn sér um að reglugerðinni sé framfylgt.

Dagskrá þingfundar á landsþingi skal vera:

1. Ávarp landsforseta, þingsetning.
2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir.
3. Staðfest skipan tveggja þingforseta, tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara.
4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings.
5. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna.
6. Áfangaskýrslur aðildarfélaga, umræður.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning landsforseta.
9. Kosning þriggja varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.
10. Kosning viðtakandi landsforseta.
11. Ákvörðun um félagsgjald til JCI Íslands.
12. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar.
13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
14. Kosning í stjórn Framfarasjóðs.
15. Stefnumótun/langtímaáætlun.
16. Ákvörðun um næsta þing.
17. Önnur mál.
18. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi).
19. Staðfesting á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi).
20. Þingslit (fer fram á lokahófi).

Ávörp gesta geta farið fram á hverjum þeim atburði þinghalds sem landsforseti ákveður. Fundargerð sendist fulltrúum innan mánaðar frá lokum þings, undir umsjón ritara landsstjórnar. Þingforsetar og atkvæðateljarar eru ekki fulltrúar á þingfundi.

8. gr.

Á þingfundi landsþings fara atkvæðagreiðslur fram með handauppréttingu nema fundurinn ákveði annað, tillaga um skriflega atkvæðagreiðslu þarf 2/3 hluta atkvæða.

Einfaldur meirihluti nægir til allra samþykka, nema þar sem lög kveða á um annað. Kosning í öll embætti landsstjórnar skal vera skrifleg. Sé um fleiri en einn frambjóðanda að ræða í einhver

embætti landsstjórnar skal við hvert kjör fella út frambjóðanda sem hlýtur fæst atkvæði við hverja atkvæðagreiðslu, þar til eftir standa eða hafa náð meirihlutafylgi, jafn margir og kjósa skal.

Ef ekki næst meirihlutafylgi í embætti landsstjórnar á ofangreindan hátt, skal þá þegar opna fyrir framboð í viðkomandi embætti og kjör fara fram í upphafi 18. dagskrárliðar þingfundar (önnur mál).

9. gr.

Landsstjórn er heimilt að leita bréflega samþykkis aðildarfélaga og landsstjórnar um málefni er venjulega heyra undir landsþing. Sjá nánar í reglugerð.

LAGABREYTINGAR

10. gr.

Tillögur um breytingar á lögum hreyfingarinnar skal senda landsstjórn skriflega ásamt rökstuddri greinargerð, í síðasta lagi 28 dögum fyrir þing ár hvert. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði þess þings er ræðir hana. 2/3 hluta atkvæða þarf til breytinga á lögum. Landsstjórn setur reglugerðir.

LÖGSÖGUMAÐUR

11. gr.

Landsforseti skipar lögsögumann hreyfingarinnar við upphaf starfsárs. Lögsögumaður má hvorki vera fulltrúi aðildarfélags né landsstjórnar.

KJÖRNEFND

12. gr.

Í kjörnefnd eiga sæti hverju sinni þrjú JCI félagar, skipaðir af landsforseta. Kjörnefnd og/eða landsforseti taka á móti þingboðum og framboðum til embættis landsforseta og annarra landsstjórnarmanna fyrir næsta starfsár. Framboð til landsforseta skulu hafa borist ekki síðar en 1. maí. Framboð til viðtakandi landsforseta og annarra landsstjórnarmanna skulu hafa borist ekki síðar en 1. september og skulu þau lögð fram á landsþingi. Frambjóðendur til landsstjórnar skulu vera fullgildir og löglegir félagar, hafa verið stjórnarmenn í aðildarfélagi, frambjóðandi til embættis landsforseta skal hafa setið í landsstjórn áður, frambjóðendur mega ekki hafa gegnt viðkomandi embætti áður.

KJÖRBRÉFANEFND

13. gr.

Í kjörbréfanefnd eiga sæti hverju sinni ritari, gjaldkeri og varalandsforseti með svið samfélags. Kjörbréfanefnd sendi aðildarfélögum eigi síðar en 21 degi fyrir þing sérstök kjörbréfaeyðublöð. Fyrir setningu landsþings skulu aðildarfélög leggja fram hjá landsgjaldkera útfyllt kjörbréf. Kjörbréfanefnd úrskurðar um gildi kjörbréfa skv. 5. grein og skilar landsþingi greinargerð um nöfn og tölu atkvæðisbærra fulltrúa við upphaf þess.

STJÓRN OG FORSETI HREYFINGARINNAR

14. gr.

Stjórn hreyfingarinnar nefnist landsstjórn. Á vegum landsstjórnar starfa umsjónarmenn. Tilgangur landsstjórnar er að starfa sem sameiginlegur málsvari JCI félaga á Íslandi gagnvart öðrum aðilum, innlendum sem erlendum, hún ber ábyrgð á starfsemi hreyfingarinnar og skal vinna að tilgangi hennar og markmiðum í samræmi við lög hennar og ákvarðanir landsþings. Landsstjórn lætur þýða og dreifir upplýsingum til aðildarfélaga, leiðbeinir þeim og hefur eftirlit með starfi þeirra og eflir samstöðu og samstarf með þeim. Landsstjórn er heimilt að kveða sér til aðstoðar sérhvert

aðildarfélag eða einstaka félaga, sjái hún þess þörf. Umsjónarmenn landsstjórnar eru formenn landsstjórnarnefnda og umsjónarmenn tiltekinna verkefna.

15. gr.

Landsstjórn fyrir komandi starfsár er kosin á sérstökum dagskrárlið á landsþingi ár hvert. Í landsstjórn skulu sitja landsforseti, 2-4 varalandsforsetar, landsritari og landsgjaldkeri. Stjórnarskipti fara fram um áramót. Kjörinn landsforseti situr landsstjórnarfundi án atkvæða réttar fram til stjórnarskipta. Á landsþingi skal kjósa í embætti viðtakandi landsforseta. Viðtakandi landsforseti situr landsstjórnarfundi en hefur ekki atkvæðarétt.

16. gr.

Landsforseti er formaður stjórnar. Öll aðildarfélög skulu hljóta heimsókn landsforseta a.m.k. einu sinni á hverju ári. Öll aðildarfélög skulu hljóta heimsókn a.m.k. eins landsstjórnarmanns í upphafi starfsárs og oftár ef þörf krefur.

17. gr.

Stjórn er ákvörðunarhæf þegar landsforseti ásamt þremur meðstjórnarmönnum eru viðstaddir. Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti. Við jöfn atkvæði ræður atkvæði landsforseta. Sjá þó 4. grein.

18. gr.

Viðtakandi landsstjórnarmenn hafa umsjón með námskeiði fyrir viðtakandi stjórnir aðildarfélaganna og embættismenn landsstjórnar fyrir 30. nóvember.

19. gr.

Prókúruhafar eru landsgjaldkeri og landsforseti.

FRAMKVÆMDASTJÓRN

20. gr.

Landsstjórn ásamt forsetum aðildarféлага og umsjónarmönnum landsstjórnar nefnist framkvæmdastjórn. Landsstjórn boðar til framkvæmdastjórnarfunda og skulu þeir vera að minnsta kosti tveir á starfsárinu, í upphafi starfsárs í janúar og að hausti að loknum kjörfundum aðildarfélaganna þó eigi síðar en 1. desember ár hvert. Jafnframt skal boðað til a.m.k. eins stöðufundar á vormisseri.

21. gr.

Á framkvæmdastjórnarfundi í janúar skulu fráfaramandi landsstjórnar- og umsjónarmenn leggja fram lokaskýrslu og ársreikning hreyfingarinnar, undir sérstökum dagskrárliðum. Fráfaramandi landsforseti fer með atkvæði landsstjórnar við afgreiðslu þessara liða. Aðildarfélög skulu einnig leggja fram skriflega skýrslu yfir síðasta starfsár á stöðluðu formi sem landsstjórn útvegar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnarfundar í janúar eru ákvarðanir um starfið framundan, ásamt afgreiðslu á framkvæmdar- og fjárhagsáætlun hreyfingarinnar.

Framkvæmdastjórn situr annan framkvæmdastjórnarfund ásamt viðtakandi framkvæmdastjórn. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest á öðrum framkvæmdarstjórnarfundi. Þingfulltrúar sem ekki hafa málfrelsi á framkvæmdastjórnarfundir geta skilað inn skriflegari athugasemd við fundargerð. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest með undirritun landsritara. Þar skal einnig samþykkt endurskoðuð tillaga að stefnumótun næstu þriggja ára.

22. gr.

Landsforseti skipar fundarstjóra á framkvæmdastjórnarfundum í samráði við umsjónarfélag eða stjórnar fundinum sjálfur kjósi hann það. Landsforseti hefur eitt atkvæði og hvert aðildarfélag eitt atkvæði. Landsforseti getur þó veitt öðrum landsstjórnarmanni umboð til að fara með sitt atkvæði. Í

forföllum forseta aðildarfélags getur hann veitt öðrum félaga úr sínu aðildarfélagi skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði síns aðildarfélags.

23. gr.

Landsforseti getur boðið áheyrnarfulltrúum að taka til máls á framkvæmdastjórnarfundum.

LEIÐBEINENDARÉTTINDI

24. gr.

Leiðbeinendaréttindi JCI Íslands skiptast í fjögur stig og þurfa leiðbeinendur hreyfingarinnar að hljóta staðfestingu landsstjórnar samkvæmt reglugerð þar að lútandi. Aðildarfélögum og einstaklingum er ekki heimilt að selja námskeið eða leiðbeina á almennum markaði í nafni JCI án samþykkis landsstjórnar.

ÁRSSKÝRSLUR, REIKNINGAR

25. gr.

Starfsár og reikningar hreyfingarinnar er almanaksárið. Landsgjaldkeri skal árlega, ekki síðar en 7 dögum eftir landsstjórnarskipti, afhenda reikninga ásamt fylgiskjölum til kjörinna skoðunarmanna. Skoðaðir reikningar ásamt fylgiskjölum skulu liggja frammi á skrifstofu JC Íslands í að minnsta kosti fjóra tíma í vikunni fyrir 1. framkvæmdastjórnarfund, til skoðunar fyrir félagsmenn. Skoðunarmenn skila skýrslu sinni á 1. framkvæmdastjórnarfund.

FRAMFARASJÓÐUR

26. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn. Stjórnin kys sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings. Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

FÉLAGSGJÖLD

27. gr.

Upphæð félagsgjalda og skráningargjalds til JCI Íslands skal ákveða á landsþingi fyrir komandi starfsár. Félagatal það sem lagt er fyrir landsþing ákvarðar fjölda félaga sem greitt er af til JCI Íslands næsta ár. Heiðursfélagar JCI Íslands undir fertugu eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda til JCI Íslands og teljast fullgildir félagar. Verði vanskil á greiðslu félagsgjalda, leggjast á hæstu lögleyfðir dráttarvextir. Sé um vanskil að ræða missir viðkomandi aðildarfélag atkvæðisrétt fulltrúa sinna á landsþingi, framkvæmdastjórnarfundum og við bréflega atkvæðagreiðslu. Ný og endurreist aðildarfélög greiði þriðjung félagsgjalda fyrsta starfsár. Nánari útfærsla á greiðslufyrirkomulagi skal sett í reglugerð.

SVIÐ TÆKIFÆRA

28. gr.

Störf landsstjórnar og aðildarfélaga, utan beinna stjórnarstarfa, eru á fjórum sviðum tækifæra sem skiptast á sama hátt og samþykkt hefur verið af Junior Chamber International. Svið tækifæra eru:

- einstaklings

- samfélags
- viðskipta
- alþjóðasamstarfs

Landsstjórn skal tilgreina hvaða verkefni eða störf teljast tilheyra hverju þessara sviða með sérstakri reglugerð þar um.

STEFNUMÓTUN

29. gr.

Hreyfingin setur fram stefnumið sín í formi langtímaáætlunar til a.m.k. þriggja ára í senn. Tillögur stefnumótunarnefndar skulu sendar stjórnunum aðildarfélaganna minnst 21 degi fyrir þing. Áætlunin skal rædd á þingfundi landsþings og samþykkt á FS fundi á haustmisseri.

AÐSETUR HREYFINGARINNAR

30. gr.

Aðsetur hreyfingarinnar er í Reykjavík. JCI húsið er Hellusund 3. Stjórn JCI hússins skal skipuð landsforseta og tveimur fjárhaldsmönnum hússins samkvæmt reglugerð.

SLIT HREYFINGARINNAR

31. gr.

Ákvörðun um slit hreyfingarinnar skal tekin af tveimur þingum í röð. Til samþykktar þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Seinna þingið skal ákveða um ráðstöfun eigna eftir tillögum landsstjórnar.

32. gr.

Lög um félög og fundarsköp ráða þar sem fyrirmæli skortir í lögum þessum.

Lög með breytingum frá 47. landsþingi haldið í Reykholti 26.-28. september 2008.
Staðfesting:

Birgit Raschhofer
Landsforseti JCI Íslands 2008

og

Arna Björk Gunnarsdóttir
Lögsögumaður JCI Íslands 2008

Fundargerð 1. framkvæmdastjórnarfundar JCI Íslands

Haldinn laugardaginn 17. janúar 2009 kl. 10:00–16:00

Fundur			Fundur númer	
Framkvæmdarstjórnar fundur			No. 1.	
Dagsetning	Kl.	Staður		
17. janúar 2009	10:00	Hverafold 5		
Fundarstjórn		Fundarritari		
Grétar Hannesson		Tómas Hafliðason		
Staða innan JCI	Bátttakendur	Skammstöfun	Félag	
Landsforseti	Loftur Már Sigurðsson	LMS	JCI Esja	
Landsritari	Tómas Hafliðason	TH	JCI Esja	
Varalandsforseti	Helgi Guðmundsson	HG	JCI Reykjavík	
Varalandsforseti	Kristín Guðmundsdóttir	KG	JCI Esja	
Viðtakandi Landsfors.	Árni Árnason	ÁÁ	JCI GK	
Fráfarandi Landsforse.	Birgit Raschoffer	BR	JCI Esja	
Lögsögumaður JCI	Rúnar Rafnsson	RR	JCI Vestfirðir	
Forseti JCI Esju	Kjartan Hansson		JCI Esja	
Forseti JCI Reykjavík	Theodór Bender	TB	JCI Reykjavík	
Ritari JCI Reykjavík	Grétar Hannesson	GH	JCI Reykjavík	
	Thódóra J. Gunnarsdóttir	TG	JCI GK	
Forseti JCI GK	Helga Rún Helgadóttir	HH	JCI GK	
	Guðlaug Birna Björnsdóttir	GBB	JCI Keilir	
Viðt. forseti JCI Keilis	Tryggvi Elínarson	TE	JCI Keilir	
	Ragnar F. Valsson	RV	JCI Reykjavík	
Varaheimsforseti	Arna Gunnarsdóttir	AG	JCI Esja	
No.	Dagskrá	Action	Lokið	OK
01.01	Fundur settur LMS setur fundinn kl. 10.05			
01.02	Einkunnaroð JCI lesin			
01.03	Skipan embættismanna fundarins og landstjórnar Grétar Hannesson var skipaður fundarstjóri Tómas Hafliðason var kjörinn ritari fundarins			
01.04	Arskýrslur embættismanna landsstjórnar Birgit Raschoffer kynnr skýrslu landsstjórnar og dreifði skýrslu til fundarmanna			
01.05	Ársreikningar lagðir fram. Árni Árnason kynnti reikninganna 2008. Árni upplýsti að allar samtímaskuldir væru frá félagsmönnum og engum öðrum. Fjórugar umræður umræður reikningana. Helgi Guðmundsson kom með óformlega fyrirspurn um að þeir sem ættu kröfur á félagið væru tilbúnir að skrifa upp á að innheimta ekki kröfurnar nema með vinnuframlagi. Rúnar Rafnsson kom með yfirlýsingu frá Birgit Raschoffer og Lofti Má Sigurðssyni, um að þau muni ekki innheimta kröfur sem koma fram á ársreikningi en fái aðgengi að fjáröflun til að afla tekna á móti þessum kröfum.			
01.06	Ársreiknar voru samþykktir með öllum atkvæðum í sal			
01.07	Skýrslur aðildarfélaga Kjartan Hansson kynnti skýrslu JCI Esju Tryggvi Freyr Elínarson kynnti stöðu JCI Keili Helga kynnti starf JCI GK Helgi Guðmundsson kynnti starf JCI Reykjavík Umræður Árni Árnason spurði forseta hvað þeir hefðu lært.			
01.08	Framkvæmda og fjárhagsáætlun. Loftur Már Sigurðsson kynnti markmið Landsforseta Loftur Már Sigurðsson kynnti markmið gjaldkera í fjarveru Sigurðar Sigurðssonar Tómas Hafliðason kynnti markmið ritara JCI			

<p>Helgi Guðmundsson kynnti áherslur þjálfunarsamtakanna, sem unnið er að því að stofna. Kristín Guðmundsdóttir kynnti verkefni á vegum landsstjórnar</p> <p>===</p> <p>Tryggvi spurði um rituð markmið og bauðst til að aðstaða við stofnun leiðbeinenda samtökin.</p> <p>Birgit spurði á Media Master Class, of mikið af boðhætti.</p> <p>==</p> <p>Loftur kynnti fjárhagsáætlun JCI Íslands 2009</p> <p>Tryggvi spurði um hvað lægi að baki tölum um ráðstefnur og námskeið.</p>			
<p>Viðtakandi landsforseti Árni Árnason kynnti þau verkefni sem hann vildi leggja áherslu á.</p>			
<p>Framkvæmdaráætlun aðildarfélaga Tryggvi Freyr Elínarson kynnti áætlun JCI Keili, markmið að verði 20 félagar, samstarf við Imrpu og Klak. Verið að vinna að heimasíðu fyrir mánaðarmótin. Kynningarfundur um mánaðarmótin. Theódóra kynnti að komin væri forseti Aðalbjörg Katrín, ætluðu að halda uppi öflugu starfi. Kjartan JCI Esju kynnti starfið sem er framundan, JCI Esja er með 7 megin markmið sem þeir stefna að því að ná á þessu ári. Theódór forseti JCI Reykjavíkur</p>			
<p>Lög og reglugerðir Rúnar Rafnsson fjallaði um lög og reglugerðir. Ætlar að safna saman lögum og reglugerðum frá landsstjórn og öllum aðildarfélögum.</p>			
<p>Framfararsjóður Ragnar F. Valsson kynnti stöðu sjóðsins, hann hefur rýrnað verulega og ekki verður greitt neitt úr sjóðnum.</p>			
<p>Landsfundur Guðlaug kynnti næsta landsþing. Þemað verða söngleikir, en þingið verður í nágrenni við Akureyri.</p>			
<p>Evrópuþing Hrólfur Sigurðsson kynnti Evrópuþing. Hægt að leigja íbúðir í grennd við þingstað. Hvatti meðlimi til þess að skrá sig snemma.</p>			
<p>Dráttur í rökræðukeppni JCI Íslands 4 lið kynntu þátttöku, 2 lið frá JCI Esju, 1 lið frá JCI GK og 1 lið frá JCI Reykjavík. (1) JCI Reykjavík – (2) JCI GK (2) JCI Esja 1 – (4) JCI Esja 2</p>			
<p>Önnur mál Arna kynnti ferð sína til Ameríku. Ragnar F. Valsón kom með heilræði um JCI Helgi Guðmundsson kom með tillögu um lokadagsetningar. 1. Umferð fyrir 21. feb – JCI GK og JCI Reykjavík, JCI Esja 1 og JCI Esja 2. 2. Umferð fyrir 20. mars – JCI Reykjavík vs. JCI Esja 2 og JCI Esja 1 vs. JCI GK 3. Umferð fyrir 10. maí. – JCI Esja 1 vs. JCI Reykjavík og JCI Esja 2 vs. JCI GK. Þessar dagsetningar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Loftur Már Sigurðsson þakkaði góðan fund og hvatti menn til að ráðast í þau verkefni sem menn kynntu.</p>			
<p>Grétar sleit fundi klukkan 15.52</p>			

Fundargerð 47. landsþings JCI Íslands

Reykholti 26 – 28. september 2008

1. Þingfundur

Ávarp landsforseta, þingsetning.

Birgit Raschhofer landsforseti JCI Íslands bauð fólk velkomið.

1. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir.

Kjörbréf barst frá

JCI GK: 0 þingfulltrúar,

JCI Esja: 8 þingfulltrúar,

JCI Reykjavík: 6 þingfulltrúar,

JCI Vestfirðir: 1 þingfulltrúi.

Landsstjórn 4.

Í salnum voru 19 atkvæði. Lögsögumaður JCI Íslands Arna B. Gunnarsdóttir lagði fram kjörbréf aðildarfélaganna og las upp nöfn aðalfulltrúa þeirra.

Þingforseti bað þingheim um að kynna sig.

2. Staðfest skipan tveggja þingforseta, tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara.

Þingforsetar hafa verið samþykktir af landsstjórn en þeir eru: Theodór Bender JCI Reykjavík og Jóhann P.

Guðvarðarson og tóku þeir til starfa. Stungið var uppá þingforsetum sem atkvæðateljurum og var það stutt.

Stungið var upp á Tómasi Hafliðasyni og Aðalbjörgu Katrínu Arnórsdóttur sem riturum og var það stutt.

3. Staðfest lögmæti þingboðs og þings.

Lögsögumaður JCI Íslands Arna B. Gunnarsdóttir staðfesti lögmæti þingboðs og þingsins.

4. Fundargerð síðasta landsþings staðfest.

Theodór Bender fylgdi fundargerð úr hlaði. Engin ábending barst. Fundargerðin var samþykkt með öllum atkvæðum.

5. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna.

Birgit Raschhofer landsforseti benti á skýrslur landsstjórnar í þingboði.

Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir fór yfir skýrslu sína.

Árni Árnason fór yfir skýrslu sína.

Sigrún M. Árnadóttir flutti skýrslu sína.

Loftur Már Sigurðsson fór yfir skýrslu sína og minnti á að farið yrði yfir skýrslu stefnumótunarnefndar á þingfundi á morgun.

Bað landsforseti senator #54963 Svanfríði Önnu Lárusdóttur að koma til sín í púlt og taka á móti nýrri senatoranælu sem hún og gerði.

6. Áfangaskýrslur aðildarféлага, umræður.

JCI Esja: Sigurður Sigurðsson forseti JCI Esju flutti skýrslu JCI Esju.

JCI Reykjavík: Helgi Guðmundsson formaður JCI Reykjavíkur flutti skýrslu JCI Reykjavíkur.

JCI GK: Árni Árnason, landsgjaldkeri flutti áfangaskýrslu JCI GK.

Klappað var fyrir Svanfríði Lárusdóttur landsforseta 1998 og Örnunni Björk Gunnarsdóttur landsforseta 2006.

Umræður urðu um áfangaskýrslur landsstjórnar og aðildarféлага. Árni Árnason spurði JCI Reykjavík og Helgi Guðmundsson svaraði.

Aðalbjörg Katrín kynnti fyrripart kvæðakúts sem kom frá Sigríði Sigþórsdóttur:

Saman safnast fornar hetjur

Sullandi í Snorralaus

Gert var 15 mínútna fundarhlé.

7. Lagabreytingar.

Arna Björk Guðmundsdóttir lögsögumaður minnti á framboð til landsstjórnar 2008. Opnaði hún fyrir tilnefningar í embætti landsstjórnar, landsgjaldkera og varalandsforseta til hádegis.

2. gr.

Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn,
að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórnámálaskoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

2. gr. (eftir breytingu)

Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn,
að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að **eiga þátt í** framþróun alþjóðasamfélagsins með því að **sjá** ungu fólki **fyrir tækifærum** til að efla **þá leiðtogaþæfileika, samfélagslegu ábyrgð**, frumkvæði og **félagslegu tengsl** sem **nauðsynleg eru** til að skapa jákvæðar breytingar.

Hreyfingin starfar án tillits til stjórnámálaskoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

Rök fyrir breytingu:

Tilgangsyfirlýsing hreyfingarinnar á að vera lýsandi rammi um hvað starf okkar felur í sér, bæði sem kynning fyrir nýja félagsmenn ásamt því að vera tékklisti fyrir eldri félagsmenn og stjórnendur félaga til að stemma sig og sitt starf af.

Orð eru þó til alls fyrst og þegar haft er í huga að einkunnarorðin eru þýdd úr ensku, þá er ekki hjá því komist að inntak tilgangsins þegar hann er lesinn upp á ensku er öllu kraftmeiri, einfaldari og meira lýsandi en lesning upphátt á einkunnarorðunum á íslensku eins og þau standa nú.

Með því að fara betur yfir þýðingar lykilorða á ensku og yfirfæra á íslensku, þá má auðveldlega fá fram öllu kraftmeiri, einfaldari og meira lýsandi mynd af tilgangi hreyfingarinnar. Til hliðsjónar, þá fylgja hér með ensku einkunnarorðin.

To contribute to the advancement of the global community by providing the opportunity for young people to develop the leadership skills, social responsibility, entrepreneurship and fellowship necessary to create positive change.

Flutningsmaður:

Helgi Guðmundsson

Stuðningsmaður:
Karl Einarsson

Tryggvi JCI Esju lagði til að þessari tillögu um breytingu væri hafnað þar sem fyrir lægi lagabreytingartillaga til samþykktar á heimsþingi. Lagði hann til að gengið væri til atkvæða strax. 14 með og 2 á móti.

Með tillögunni voru 4 og á móti eru 12. Tillagan er felld.

Þessi grein á ensku hér að neðan er lagabreytingartillaga sem liggur fyrir heimsþingi en svo þar á eftir eru tillögur stefnumótunarnefndar sem liggja einnig fyrir til samþykktar á heimsþingi.

PROPOSED AMENDMENTS ARISING FROM THE 2008 STRATEGIC PLANNING COMMITTEE MEETING

I. CHAPTER II. DECLARATION OF PRINCIPLES, PURPOSES AND CREED

(Submitted by GLC Law Lee khiau) Background

The 2008 Strategic Planning Committee unanimously recommended a new JCI Mission ("To provide development opportunities that empower young people to create positive change") and a new JCI Vision ("To be the leading global network of young active citizens").

Recommendation

That two new Articles be added to in Chapter II, to read as follows:

"ARTICLE 2-1. MISSION:

"JCI's Mission shall be "To provide development opportunities that empower young people to create positive change."

"ARTICLE 2-2. VISION:

"JCI's Vision shall be "To be the leading global network of young active citizens." And that all original Articles and Bylaws in Chapter II be renumbered as needed. Action taken at MYE:

Executive Committee: Recommended the amendment with a change (the deletion of Article 2-3.

Purpose of JCI):

Action taken:

CARCOM: ~~Recommended as amended by the Executive Committee~~

Board of Directors:

Action taken at Congress:

General Assembly: 2008 Proposed Constitutional Amendments - Page 13

Mission, Vision, Values

Recommendations

1. Mission: To provide development opportunities that empower young people to create positive change
2. Vision: To be the leading global network of young active citizens

Rationale

1. A mission is a long-term, concise, positive statement written in clear language that states the organization's purpose of existence. JCI's current Mission, "To contribute to the advancement of the global community by providing the opportunity for young people to develop the leadership skills, social responsibility, entrepreneurship and fellowship necessary to create positive change," could better fulfill its requirements.
 - While the current Mission does explain the purpose of JCI, the proposed Mission expresses the same concept in a more concise, efficient and easily understood way. The sentence structure and length of the proposed Mission are easier to relate to and promote.
 - The proposed Mission is written with posterity in mind. The types of opportunities listed in the current Mission may change over time, but the purpose of JCI's existence will not. Although the opportunities for development are not enumerated in the proposed Mission, these opportunities are still referenced in Policy 18-1 (Terms of Reference) in the JCI Constitution and Policy Manual.
2. A vision is a clearly written, motivational statement that lists the ultimate goals of the organization.
 - While the current vision expresses the noble aspirations of JCI founder Henry Gissenbier, the proposed vision represents a more realistic and clear picture of the organization's direction and ultimate goal.

Suggested Action Steps

1. Adopt the following translations of the proposed Mission and Vision as official.

Mission

- French: Offrir aux jeunes gens des opportunités de développement qui leur permettront de créer des changements positifs
- Spanish : Ofrecer oportunidades de desarrollo que permitan a losjóvenes crear cambios positivos

Vision

- French: Être le premier réseau mondial de jeunes citoyens actifs
- Spanish: Ser la principal red mundial de jóvenes ciudadanos activos

Conclusion/Remarks

1. JCI local and national organizations should adapt their local communications strategies to the new Mission and Vision.
2. The Mission, Vision and Values (JCI Creed) of JCI are equally important and should be equally used in all JCI activities.

Membership - Recruitment and Retention

Recommendations

1. Increase membership to 300,000 by 2013.
2. Increase average local organization size to 50 members by 2013.
3. Increase local organizations to over 6,000 by 2013.

Rationale

1. The very essence of JCI is to provide opportunities to young people. The greater the number of young people receiving opportunities from JCI, the more JCI is fulfilling its Mission.
2. For JCI to grow as an organization, it must aim high, or it will only attain the bare minimum.
3. For JCI to be the leading global network of active citizens, there must be a critical mass. Therefore, JCI must work towards these concrete membership goals.

Suggested Action Steps

1. Set targets for existing local organizations for a net increase of 10 percent. See Appendix 1.
2. Develop materials for local action guides that:
 - Emphasize recruitment of members to nonmembers.
 - Emphasize quality of programs and uniqueness of experiences.
 - Explain how to implement a formal mentoring program.
 - Implement a brand with which young people want to be associated.
 - Emphasize partnership development with high-level worldwide corporations, universities, student organizations.
 - Focus on understanding the motivations of young active citizens.
 - Enhance communication with nonmembers by reducing the use of acronyms and abbreviations. For example, instead of using "Area A" use "Africa and the Middle East."

Appendix 1

Membership Targets for Existing Local Organizations

Year	Average Chapter	No. of Local Organizations	Membership	Year				
				2008	2009	2010	2011	2012
2008	36	5,000	180,000	180,000				
2009	39	5,200	202,800		202,800			
2010	41	5,400	221,400			221,400		
2011	44	5,600	246,400				246,400	
2012	47	5,800	272,600				272,600	
2013	50	6,000	300,000					300,000

6. gr.

Fundarboð landsþings sendist í einu eintaki til hvers aðildarfélags með sannanlegum hætti a.m.k. 21 degi fyrir þing, fundarboði skal fylgja áfangaskýrsla landsstjórnarmanna og umsjónarmanna. Stjórnir aðildarfélaga skulu boða fulltrúa sína á þingið í samræmi við 5. grein. Í fundarboði sem samið er af landsstjórn skal tilkynna dagskrá sem liggur fyrir þinginu. Aukaping eru haldin þegar landsstjórn álitur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur fullgildra aðildarfélaga krefst þess. Fundarboð aukapings er samið og sent á sama hátt og venjulegt landsþingsboð.

Breytt:

6. gr.

Fundarboð landsþings sendist í einu eintaki til hvers aðildarfélags með sannanlegum hætti a.m.k. 21 degi fyrir þing, fundarboði skal fylgja áfangaskýrsla landsstjórnarmanna og umsjónarmanna, sem og tillögur stefnumótunarnefndar. Stjórnir aðildarfélaga skulu boða fulltrúa sína á þingið í samræmi við 5. grein. Í fundarboði sem samið er af landsstjórn skal tilkynna dagskrá sem liggur fyrir þinginu. Aukaping eru haldin þegar landsstjórn álitur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur fullgildra aðildarfélaga krefst þess. Fundarboð aukapings er samið og sent á sama hátt og venjulegt landsþingsboð.

Verði þessi grein samþykkt breytist 29. Grein eftirfarandi:

Hreyfingin setur fram stefnumótun sína í formi langtímaáætlunar til a.m.k. þriggja ára í senn. Tillögur stefnumótunarnefndar skulu sendar stjórnnum aðildarfélaga í þingboði. minnst 21 degi fyrir þing. Áætlunin skal rædd á þingfundi landsþings og samþykkt á FS fundi á haustmisseri.

Tillöguflytjandi:

Árni Arnason

Stuðningsmaður:

Loftur Már Sigurðsson

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Eðlilegt er að tillögur stefnumótunarnefndar sé í þingboði svo að tryggt sé að allir landsþingsfulltrúar hafi sama möguleika á að kynna sér efni þeirra.

Árni dróg tillöguna til baka þar sem ekki er samræmi í tillögubreytingunni og inngangi að stefnumótunarskýrslu. Grein er áfram óbreytt.

19. gr.

~~Prókúruhafi er tilnefndur af landsstjórn.~~

Breytt:

Prókúruhafar eru landsgjaldkeri og landsforseti.

Tillöguflytjandi:

Árni Arnason

Stuðningsmaður:

Birgit Raschhofer

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Landsgjaldkeri er kjörinn af landshreyfingunni til að sjá um fjármál hennar og því er eðlilegt að það komi þannig fram í lögum okkar. Viðskiptabanki hreyfingarinnar hefur gert athugasemdir við þessa lagagrein eins og hún lítur út í dag. Prókúruhafi þarf að vera skilgreindur í lögum hreyfingarinnar og eðlilegt er að prókúruhafar séu tveir þegar um félagasamtök er að ræða.

Tillagan var samþykkt með 17 atkvæðum.

Landsforseti veitti Svanfríði Lárusdóttur orðið.

Svanfríður lagði til breytingu og Birgit svaraði.

Sigurður JCI Esju, bað um orðið fyrir Kjartan ritara JCI Esju.

Kjartan Hansson kynnti f.h. JCI Esju framboð Sigurðs Sigurðssonar JCI Esju í embætti landsgjaldkera 2009.

21. gr.

Á framkvæmdastjórnarfundi í janúar skulu fráfarandi landsstjórnar- og umsjónarmenn leggja fram lokaskýrslu og ársreikning hreyfingarinnar, undir sérstökum dagskrárlíðum. Fráfarandi landsforseti fer með atkvæði landsstjórnar við afgreiðslu þessara liða. Aðildarfélög skulu einnig leggja fram skriflega skýrslu yfir síðasta

starfsár á stöðluðu formi sem landsstjórn útvegar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnarfundar í janúar eru ákvarðanir um starfið framundan, ásamt afgreiðslu á framkvæmdar- og fjárhagsáætlun hreyfingarinnar.

Breytt:

21. gr.

Á framkvæmdastjórnarfundum í janúar skulu fráfaramenn landsstjórnar- og umsjónarmenn leggja fram lokaskýrslu og ársreikning hreyfingarinnar, undir sérstökum dagskrárlíðum. Fráfaramenn landsforseti fer með atkvæði landsstjórnar við afgreiðslu þessara liða. Aðildarfélög skulu einnig leggja fram skriflega skýrslu yfir síðasta starfsár á stöðluðu formi sem landsstjórn útvegar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnarfundar í janúar eru ákvarðanir um starfið framundan, ásamt afgreiðslu á framkvæmdar- og fjárhagsáætlun hreyfingarinnar.

Annan framkvæmdastjórnarfund skulu forsetar og viðtakandi forsetar aðildarfélaganna sem og landsstjórn sitja. Á öðrum framkvæmdarstjórnarfundum skal fundargerð síðasta landsþings staðfest og undirrituð af landsritara. Þar skal einnig samþykkt endurskoðuð tillaga að stefnumótun næsta árs.

Verði þessi lagabreyting samþykkt fellur liður 5. Í 7. grein niður þar eð þar er fjallað um fundargerð síðasta landsþings.

7. gr.

Landsþing skal haldið síðustu heilu helgina í september ár hvert. Boð til landsþings skal berast landsforseta og vera í fullu samræmi við sérstaka reglugerð um þingboð. Landsstjórn sér um að reglugerðinni sé framfylgt.

Dagskrá þingfundar á landsþingi skal vera:

1. Ávarp landsforseta, þingsetning.
2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir.
3. Staðfest skipan tveggja þingforseta, tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara.
4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings.

5. Fundargerð síðasta landsþings staðfest.

6. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna.
7. Áfangaskýrslur aðildarfélaganna, umræður.
8. Lagabreytingar.
9. Kosning landsforseta.
10. Kosning þriggja varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.
11. Kosning viðtakandi landsforseta.
12. Ákvörðun um félagsgjald til JCI Íslands.
13. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar.
14. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
15. Kosning í stjórn Framfarasjóðs.
16. Stefnumótun/langtímaáætlun.
17. Ákvörðun um næsta þing.
18. Önnur mál.
19. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi).
20. Staðfesting á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi).
21. Þingslit (fer fram á lokahófi).

Ávörp gesta geta farið fram á hverjum þeim atburði þinghalds sem landsforseti ákveður. Fundargerð sendist fulltrúum innan mánaðar frá lokum þings, undir umsjón ritara landsstjórnar.

Þingforsetar og atkvæðateljara eru ekki fulltrúar á þingfundum.

Tillöguflytjandi:

Árni Árnason landsgjaldkeri

Stuðningsmaður:

Birgit Raschhofer

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Umboð nýkjörins landsgjaldkera verður að koma skýrt fram til handa öllum þeim sem það viðkemur, svo sem fjármálastofnanir. Umboð þetta skal liggja skýrt fyrir að loknum 2. FS fundi ár hvert.

Ragnar F. Valsson JCI Reykjavík tók til máls.

Árni Árnason landsgjaldkeri tók til máls.

Birgit Raschhofer landsforseti tók til máls.

Tryggvi F. Elínarson JCI Esju tók til máls

Arna B. Gunnarsdóttir tók til máls.

Ragnar F. Valsson tók til máls.

Grétar Hannesson tók til máls og bað um frestun á þessari tillögu til að hægt væri að kynna sér þessar breytingar frekar. Stuðningsmaður Helgi Guðmundsson. Tillagan var samþykkt.

Fundarhlé gert í 5 mínútur.

Kjartan Hansson tók til máls og kynnti f.h. JCI Esju framboð Kristínar Guðmundsdóttur JCI Esju í embætti varalandsforseta 2009.

Helgi Guðmundsson tók til máls og kynnti f.h. JCI Reykjavíkur framboð Arnars Más Búasonar í embætti landsgjaldkera 2009.

Framboðsfrestur var veittur í klst til viðbótar.

Atkvæðamagn í sal var talið aftur eftir fundarhlé en það var óbreytt.

Árni Árnason lagði fram nýja breytingartillögu:

Framkvæmdastjórn situr annan framkvæmdastjórnarfund ásamt viðtakandi framkvæmdastjórn. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest á öðrum framkvæmdarstjórnarfundum. Þingfulltrúar sem ekki hafa málfrelsi á framkvæmdastjórnarfundum geta skilað inn skriflegum athugasemdum við fundargerð. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest með undirritun landsritara. Þar skal einnig samþykkt endurskoðuð tillaga að stefnumótun næstu þriggja ára.

Helgi Guðmundsson tók til máls og benti á að stefnumótun sé samþykkt til þriggja ára og tillagan þurfi að endurspegla það.

Gengið var til atkvæða og var hún studd með öllum greiddum atkvæðum.

FÉLAGSGJÖLD

27. gr.

Upphæð félagsgjalda og skráningargjalds til JCI Íslands skal ákveða á landsþingi fyrir komandi starfsár. Fyrir 1. desember skulu aðildarfélög skila félagatali til landsstjórnar sem ákvarðar fjölda félaga sem greitt er af til JCI Íslands næsta ár. Ef ekki berst félagatal fyrir 1. desember þá gildir félagatal landsþings. Heiðursfélagar JCI Íslands undir fertugu eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda til JCI Íslands og teljast fullgildir félagar. Verði vanskil á greiðslu félagsgjalda, leggjast á hæstu lögleyfðir dráttarvextir. Sé um vanskil að ræða missir viðkomandi aðildarfélag atkvæðisrétt fulltrúa sinna á landsþingi, framkvæmdastjórnarfundum og við bréflaga atkvæðagreiðslu. Ný og endurreist aðildarfélög greiði þriðjung félagsgjalda fyrsta starfsár. Nánari útfærsla á greiðslufyrirkomulagi skal sett í reglugerð.

Breytt:

FÉLAGSGJÖLD

27. gr.

Upphæð félagsgjalda og skráningargjalds til JCI Íslands skal ákveða á landsþingi fyrir komandi starfsár. **Félagatal það sem lagt er fyrir landsþing fyrir 1. desember skulu aðildarfélög skila félagatali til landsstjórnar sem** ákvarðar fjölda félaga sem greitt er af til JCI Íslands næsta ár. **Ef ekki berst félagatal fyrir 1. desember þá gildir félagatal landsþings.** Heiðursfélagar JCI Íslands undir fertugu eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda til JCI Íslands og teljast fullgildir félagar. Verði vanskil á greiðslu félagsgjalda, leggjast á hæstu lögleyfðir dráttarvextir. Sé um vanskil að ræða missir viðkomandi aðildarfélag atkvæðisrétt fulltrúa sinna á landsþingi, framkvæmdastjórnarfundum og við bréflaga atkvæðagreiðslu. Ný og endurreist aðildarfélög greiði þriðjung félagsgjalda fyrsta starfsár. Nánari útfærsla á greiðslufyrirkomulagi skal sett í reglugerð.

Tillöguflytjandi:

Tómas Hafliðason

Stuðningsmaður:

Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Á landsþingi eru teknar margar mikilvægar ákvarðanir um starf hreyfingarinnar á næsta starfsári. Vægi atkvæða aðildarfélaganna á landsþingi ræðst af því félagatali sem félagið skilar inn til landsstjórnar 28 dögum fyrir landsþing. Eðlilegt er að vægi atkvæða endurspegli ábyrgð aðildarfélaganna til landshreyfingarinnar á komandi starfsári.

27. gr.

Upphæð félagsgjalda og skráningargjalds til JCI Íslands skal ákveða á landsþingi fyrir komandi starfsár. Fyrir 1. desember skulu aðildarfélög skila til landsstjórnar áætlun að félagatali fyrir komandi starfsár. Ákvarðar sú áætlun þann fjölda félaga sem greitt er af til JCI Íslands næsta ár. Hvert aðildarfélag hefur þó frest til að skila inn lokaleiðréttingum á félagatali til landsstjórnar fram að aðalfundi félagsins sem fara skal fram fyrir 20. janúar þess starfsárs. Berist landsstjórn ekki áætlun fyrir 1. desember þá gildir félagatal sem skilað var inn til landsþings sem áætlun þess í stað. Heiðursfélagar JCI Íslands undir fertugu eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda til JCI Íslands og teljast fullgildir félagar. Verði vanskil á greiðslu félagsgjalda, leggjast á hæstu lögleyfðir dráttarvextir. Sé um vanskil að ræða missir viðkomandi aðildarfélag atkvæðisrétt fulltrúa sinna á landsþingi, framkvæmdastjórnarfundum og við bréflaga atkvæðagreiðslu. Ný og endurreist aðildarfélög greiði þriðjung félagsgjalda fyrsta starfsár. Nánari útfærsla á greiðslufyrirkomulagi skal sett í reglugerð.

Rökstuðningur fyrir breytingu:

Starfsumhverfi aðildarfélaganna á Íslandi er með þeim hætti að á aðalfundi félaganna sem allir skulu hafa farið fram fyrir 20. janúar á hverju starfsári eru lögð gögn fyrir félagsmenn. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun veða þar þyngst. Hluti af starfs- og fjárhagsáætlun er áætlun félagsgjalda og er aðalfundur sem slíkur ákveðinn vendipunktur þar sem ljóst er hverjir munu starfa áfram sem félagsmenn og hverjir ekki. Jól og áramót eru í eðli sínu tími sem einstaklingar nota til að gera upp hlutina og ákveða hvað skal gert á komandi ári.

Þó óskandi sé að við getum kafið félagsmenn um þátttökuskuldbindingu helst strax á haustin fyrir komandi ár, þá er það einfaldlega ekki reyndin í dag. Veigamikill hluti félagsmanna eru til dæmis háskólafólk og ýmsar ástæður gera það að verkum að ákveðið er um áramót hvað tekur við á komandi ári. Geta þær ástæður verið fjölmargar. Sama gildir um vinnandi fólk, aðstæður í atvinnumálum geta getið stökkbreytingum á skammri stundu.

Eðlilegast er því að miða við aðalfund aðildarfélaganna í upphafi árs sem tíma þegar endanlegur fjöldi félagsmanna skal staðfestur, ekki 1. des. Eins og lögin standa í dag þá bjóða þau því miður uppá að aðildarfélög gangast í skuldbindingar fyrir hönd félagsmanna sem ákveða um áramót að starfa ekki áfram í félaginu. Ofgreiða því félagsgjöld til landsstjórnar í stað þess að verja því fé til kröftugra starfs sem laðar að enn frekari félagsmenn. Með því að setja inn þennan leiðréttingarfrest, þá fær landsstjórn eftir sem áður áætlun um fjölda til að vinna sínar eigin áætlanir, og aðildarfélögin hafa smá umframfrest til leiðréttingar. Með þessu nást fram mun hreinni og nákvæmari vinnubrögð og greiðslur félagsgjalda til landsstjórnar eru nær því að stemma akkúrat við lokauppgjör ársins.

Flutningsmaður:

Helgi Guðmundsson

Stuðningsmaður:

Karl Einarsson

Báðar tillögur voru kynntar og svo ræddar. Sú sem gekk lengra var tekin til afgreiðslu fyrst skv fundarsköpum.

Árni Árnason tók til máls.

Tómas Hafliðason tók til máls.

Tryggvi F. Elínarson tók til máls.

Helgi Guðmundsson tók til máls.

Arnar Már Búason tók til máls.

Tryggvi F. Elínarson tók til máls og lagði til að gengið yrði til atkvæða strax um tillögu Tómasar.

Tillagan samþykkt með 12 atkvæðum gegn 5.

Lögin í heild sinni samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Svanfríður A. Lárusdóttir tók til máls.

Hlé var gert á þingfundi og farið í hádegisverð og setningu þingsins.

Helgi Guðmundsson tók til máls og bauð alla velkomna á landsþing, og leiddi fundarmenn í einkunnarorðum JCI Íslands:

Það er skoðun vor.

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn,
að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Ragnar F. Valsson tók til máls og sagði m.a. frá senatora og makadagskrá.

Birgit Raschhofer tók til máls og setti formlega 47. landsþing JCI Íslands.

Þingfundi var frestað fram til kl:13:30 á laugardag (morgun).

2. Þingfundur

8. Kosning landsforseta.

Frambjóðendakynning

Frambjóðendur kynntu sig í Kákus

Hlé

Arna B. Gunnarsdóttir lögsögumaður kannaði atkvæðamagn í sal og voru 20 atkvæði. Til að hljóta kosningu til landsstjórnar þarf meiri hluta atkvæða eða 11 atkvæði.

Í framboði var Loftur Már Sigurðsson til landsforseta

9. Kosning varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.

Til landsritara: Tómas Hafliðason JCI Esja

Til landsgjaldkera: Arnar Már Búason JCI Reykjavík og Sigurður Sigurðsson JCI Esja

Til varalandsforseta: Helgi Guðmundsson JCI Reykjavík

Til varalandsforseta: Kristín Guðmundsdóttir JCI Esja

10. Kosning viðtakandi landsforseta.

Til viðtakandi landsforseta var Árni Árnason.

Réttkjörnir eru Loftur Már Sigurðsson til landsforseta, Tómas Hafliðason til landsritara, Sigurður Sigurðsson til landsgjaldkera, Helgi Guðmundsson til varalandsforseta, Kristín Guðmundsdóttir til varalandsforseta og Árni Árnason til viðtakandi landsforseta. Kjörnefnd skipuðu; formaður Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir, Rúnar Rafnsson og Hanna Másdóttir.

Þingfundi frestað til kl. 13:30 laugardag.

3. Þingfundur

11. Ákvörðun um félagsgjald til Junior Chamber International Ísland.

Sigurður Sigurðsson nýkjörinn landsgjaldkeri, lagði fram þá tillögu að félagsgjöld og skráningargjöld til JCI Íslands yrðu óbreytt 10.000 kr. fyrir almenna féлага og 5.000 kr. fyrir nýliða.

Lagt var til að gengið sé til atkvæða

Gengið var til atkvæða og var tillagan samþykkt.

12. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar.

Hrólfur Sigurðsson bauð sig fram í Evrópuþingsnefnd.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Stungið var uppá Karli Einarssyni og Huldu Sigfúsdóttur sem skoðunarmönnum og voru þeir kosnir Hrólfur Sigurðsson og Rúnar Rafnsson voru nefndir til vara og var það samþykkt með lófaklappi.

14. Kosning í tveggja manna í stjórn framfarasjóðs til tveggja ára

Árni Árnason kynnti skýrslu framfarasjóðs.

Birgit Raschhofer tók til máls og las bréf frá landsforseta JCI 2006, Þorsteini Jónssyni.

Helgi Guðmundsson tók til máls og tók undir orð Þorsteins, og hvatti til þess að lögum um þennan sjóð yrði breytt. Hreyfingin þarfnast fjármagns, í þessum sjóði er fjármagn sem má hins vegar ekki nota miðað við núverandi reglugerð.

Birgit Raschhofer tók til máls og sagði hvernig leggja megi fram breytingar á reglum um framfarasjóð. Eftirfarandi tóku til máls um málið;

Árni Árnason, Anna María Bjarnadóttir, Birgit Raschhofer, Arna B. Gunnarsdóttir, Loftur Már Sigurðsson og Helgi Guðmundsson.

Lagt var til að ljúka þessari umræðu undir öðrum lið.

Stungið var upp á Arnari Má Búasyni JCI Reykjavík og Guðlaugu Birnu Björnsdóttir JCI Esju í stjórn framfarasjóðs og var það stutt með lófaklappi.

Umræðan hélt áfram og lagt var til að gera 10 mínútna umræðuhlé til að reyna að komast að niðurstöðu um það hvar eigi að ræða breytingar á framfarasjóð og hvernig eigi að gera slíkt. Var það stutt.

Árni Árnason tók til máls og lagði til að þetta væri rætt undir önnur mál og að þá yrði að koma skýrt fram hvaða upphæð væri þar að ræða.

15. Stefnumótun/langtímaáætlun.

Loftur Már Sigurðsson tók til máls og kynnti skýrslu stefnumótunarnefndar 2008.

Eftirfarandi tóku til máls um þennan lið;

Sigurður Sigurðsson, Birgit Raschhofer, Árni Árnason, Helgi Guðmundsson og Tryggvi F. Elínarson.

Gert var þinghlé í 15 mínútur.

16. Ákvörðun um næsta þing.

Tryggvi F. Elínarson og Kjartan Hansson JCI Esju í samstarfi við JCI Keili lögðu til að næsta þing yrði haldið í Eyjafjarðarsveit. Þeir lögðu til að á laugardeginum yrði námskeið til að vera meira aðlaðandi fyrir fleiri JCI félaga. Þema hefði ekki verið ákveðið. Verð fyrir snemmskráningu á þessu ári 25.000 kr., snemmskráning væri til 1. Ágúst. 27.000 kr. væri næsta verð sem gildi til 1. Ágúst 2009 en eftir 1. ágúst 29.900 kr.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

17. Önnur mál.

Open forum

- a) Tryggvi F. Elínarson kynnti nýtt JCI félag, JCI Keili sem stofnað verður 5-15 október nk. Þetta félag mun aðeins starfa við alþjóðasvið og samfélagssvið. Þetta félag verður svipað og JCI Innovit í Noregi.
- b) Guðlaug Birna Björnsdóttir kynnti nýtt verkefni hlaup til styrktar "Nothing But Nets". Hlaupið verður 27. október, líklega 5 km. Öll vinna við verkefnið er sjálfboðastarf. Næsti fundur í nefndinni er nk. mánudag, í nefndinni eru líka Bryan Allen Smith í JCI Esju og Íris Kristín Andrésardóttir í JCI Reykjavík.
- c) Tómas Hafliðason kynnti "kickoff" sem haldið verður 24-26 október, líklega fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Erlendur leiðbeinandi verður McDarra.

Önnur mál

- d) Birgit Raschhofer tók til máls og sagði frá heimsókn Erol User sem verður hér á landi 9-12. október í boði forseta Íslands en hann vill gjarnan hitta JCI félaga og halda námskeið.
- e) Arna B. Gunnarsdóttir kynnti framboð sitt til Vice President JCI hreyfingarinnar.
- f) Helgi Guðmundsson sagði frá forseta kokteil sem verður kl. 18:30.

- g) Helgi lagði til að lækka framfarasjóð um 500.000 sem yrði styrkur til Örnú B. Gunnarsdóttur í framboð hennar sem varaheimsforseta, stuðningsmaður tillögunnar Grétar Hannesson. Karl Einarsson var settur í embætti lögsögumanns þar eð lögsögumanni Örnú B Gunnarsdóttur var málið of skylt þar eð verið var að ræða stuðning við framboð hennar til heimstjórnar og yfirgaf hún þingfund á meðan umræður voru um málið.
Eftirfarandi tóku til máls um málið;
Loftur Már Sigurðsson, Karl Einarsson, Árni Árnason, Birgit Raschhofer og Anna María Bjarnadóttir. Töluverðar umræður urðu um málið, m.a. komu þau sjónarhorn fram hvaða afleiðingar slíkar breytingar myndu hafa, stuðningur var við alþjóðlegt samstarf en einnig við starf aðildarfélaganna innanlands.
- h) Birgit Raschhofer tók til máls og veitti staðfestingar fyrir þingritara og þingforseta.

Þingfundi frestað fram á lokahóf.

18. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi).

Oddadómari rökræðukeppninnar á landsþingi fékk orðið og tilkynnti úrslit úr ræðukeppninni; ræðumaður dagsins var Guðlaug Birna Björnsdóttir úr JCI Esju en vinningsliðið í ár kom frá JCI Reykjavík. Í vinningsliðinu voru; Karl Einarsson, Theodór Bender og Arnar Már Búason, liðsstjóri var Grétar Hannesson. Í liði JCI Esju voru; Guðlaug Birna Björnsdóttir, Tryggvi Freyr Elínarson og Tómas Hafliðason, liðsstjóri var Jóhann Pétur Guðvarðarson.

Þessu næst fékk landsforseti orðið og hófst afhending verðlauna – og viðurkenninga sem var styrkt af Skattur og Bókhald.

Byrjaði landsforseti á því að afhenda senatorum sem ekki voru búnir að fá nýju nælurnar nýja senatoranælu. Þeir sem fengu nýjar senatoranælu voru: Lára Pétursdóttir #42116, Barbara Wdowiak # 41028, Gunnur Baldursdóttir #44478, Þóra Guðnadóttir #39883, Pétur Valdimarsson #56611, Árni Þór Árnason #31313 og Karl Steingrímsson #41345 en Karl notaði tækifærið og sagði frá því að hússtjórn ætlaði að styrkja framboð Örnú Bjarkar Gunnarsdóttur til embættis varaheimsforseta um kr. 300.000.

Eftirfarandi hlutu landsforsetaviðurkenningar;

Formaður sumarferðarnefndar Jenný Jóakimsdóttir
Formaður evrópuþingsnefndar Theodór Bender
Formaður landsþingsnefndar Ragnar F. Valsson
Fyrir góð störf á árinu Anna María Bjarnadóttir
Senator Árni Þór Árnason
Senator Karl Steingrímsson
Senator Svanfríður Anna Lárusdóttir

Þá var komið að verðlaununum sjálfum en eftirfarandi unnu til verðlauna á landsþinginu:

Verkefni ársins:	JCI Esja
Stjórnarmaður ársins:	Tryggvi Freyr Elínarson JCI Esju
Fjáröflun ársins:	JCI GK
Nýliði ársins:	Guðlaug B. Björnsdóttir JCI Esju
Leiðbeinandi ársins:	Arna Björk Gunnarsdóttir JCI Esju
Kvæðakútur:	Rúnar Rafnsson JCI Vestfjörðum
Besti nýliði á þingi:	Guðlaug Birna Björnsdóttir JCI Esju
Mesta fjölgun á árinu:	JCI Esja
Heimasíða ársins:	JCI Esja
Mike Ashton:	Tómas Hafliðason JCI Esju
Útgáfa ársins:	JCI Esja
Besta erlenda samstarfið:	JCI Esja
Mesta landsþingsþátttakan:	JCI Vestfirðir
Besta samstarfið við önnur aðildarfélög:	JCI Esja
Mest aukning á JCI-braut:	Tryggvi Freyr Elínarson JCI Esju
Senator ársins:	Hulda Sigfúsdóttir JCI Reykjavík
Ræðumaður ársins:	Tryggvi Freyr Elínarson JCI Esju

Forseti ársins.
Félagi ársins:
Aðildarfélag ársins:

Sigurður Sigurðsson JCI Esju
Theodór Bender JCI Reykjavík
JCI Esja

19. Staðfesting á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi).

Staðfest kjör landsstjórnar 2009. Birgit Raschhofer landsforseti 2008 (ásamt fyrrum landsforsetum staðfesti kjör nýs landsforseta Loftis Más Sigurðssonar.

Aðrir landsstjórnarmenn JCI Íslands 2009 eru:

Landsritari: Tómas Hafliðason
Landsgjaldkeri: Sigurður Sigurðsson
Varalandsforseti: Helgi Guðmundsson
Varalandsforseti: Kristín Guðmundsdóttir
Viðtakandi landsforseti: Árni Árnason

20. Þingslit (fer fram á lokahófi).

Staðfesting á ritun fundargerðar Landsþings JCI Íslands

Birgit Raschhofer
Landsforseti JCI Íslands

A. Katrín Arnórsdóttir
Landsritari JCI Íslands